



FRÉTTABLAÐIÐ

31. mars 2006 — 88. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Kvennafans í þjóðleikhúsinu

Edda Heiðrún Backman leikstýrir átta konum í glæpsamlegum gamanleik.

MENNING 46

Með nýtt könnrlag

Valgeir Guðjónsson frumflytur nýja drykkjuvisu með könnrisveit Baggalúts á Nasa í kvöld.

FÓLK 50

Varnarsamstarfið

„Óskar Wilde sagði eins og frægt er, að Íslendingar hefðu fundið Ameríku árið 1000, en haft vit á því að tyna henni aftur, rifjar Hannes Hólmsteinn Gissurarson upp, en vonar að Bandaríkjamenn hafi ekki týnt Íslandi.


Í DAG 26

Seldur á 5 milljónir

ÍBV hefur selt einn af sínum bestu leikmönnum til Örebro í Svíþjóð en það er Eng- lendingurinn Ian Jeffs. Kaupverðið mun vera í kringum fimm milljónir króna.

ÍPRÓTTIR 47

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTSKÝJAÐ SYÐRA - Í dag veður norðaustan 5-10 m/s. Léttskýjað á suðurhluta landsins en stöku el á Vestfjörðum og á landinu norðan- og austanverðu. Hiti 0-5 stig syðra en vægt frost á lág- lendi fyrir norðan. Heldur kólnandi veður.

VEÐUR 4

Alltaf að vinna?

Kynntu þér Vildarþjónustu fyrirtækja



sph
550 2000 | www.sph.is



MÝRARNAR LOGA Slökkviliðsmenn frá Borgarnesi fengu ekki við neitt ráðið þegar eldurinn æddi niður Mýrarnar í gær. Talið er að minnsta kosti áttatíu hektarar lands hafi brunnið. Eldvegurinn náði allt að þriggja metra hæð og reykjarkófið náði 1200 metrum seint í gærkvöld.

Eldinum líkt við náttúruhamfarir

Mýrarnar stóðu í ljósum logum í allan gærdag. Þá loguðu mestu sinueldar sem slökkviliðið í Borgarnesi man eftir. Slökkviliðsmenn horfðu á eldinn sem æddi um og eirði engu sem á vegi hans varð. Varpland mófugla er í mikilli hættu.

SINUELDAR Að minnsta kosti áttatíu ferkílómetra land varð gríðarlegum sinueldum að bráð á Mýrum í Borgarnesi fékk tilkynningu um eldinn á áttunda tímanum í gærmorgun.

Eldurinn blossaði upp á stuttum tíma og fór slökkviliðið strax á staðinn og hóf baráttuna við eldinn. Ljóst var frá byrjun að útilokað var að ráða niðurlögum sinueldanna og einbeitti slökkviliðið sér þá að því að verja húseignir á svæðinu. Í gærkvöldi stóð reykjarkófið 1200 metra í loft upp á meðan eldvegurinn æddi stjórnlaust áfram. Eldsupptökin voru í vegarbrún og telur

lögregla og slökkviliðið það koma til greina að kveikt hafi verið í af ráðnum hug. Miklir þurrkar hafa verið að undanfögnu og eldsmatur því mikill.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Bjarna Þorsteinssyni, slökkviliðs- stjóra í Borgarnesi, í gærkvöld var hann staddur á bænum Skíðsholti á Mýrum þar sem naumlega náðist að verja nýtt íbúðarhús. Húsið var í mikilli hættu enda eldurinn kominn alveg upp að húsveggnum á tímabili.

Bjarni áltúr að strax í gærkvöldi hafi um 80 ferkílómetra svæði verið brunnið þar sem eldurinn æddi

niður allar Mýrarnar. Hann telur að allt land á milli Álftár og Hítarár geti orðið eldinum að bráð.

Allt hans lið, fjórtán menn með tvo tankbíla og tvo dælubíla, horfði á eldinn úr fjarlægð og gat ekkert aðhafst. „Þar sem við horfðum á þetta úr þriggja kílómetra fjarlægð þá var eldvegurinn tveir, þrjú metrar á hæð þar sem hann geistist áfram. Eldurinn fór þrjú til fjóra metra á sekúndu og hann flýtur eins og vatn ofan á jörðinni. Ef það ætti að lýsa þessu einhvern veginn þá má helst líkja þessu við náttúruhamfarir,“ sagði Bjarni Þorsteinsson.

- shá / sjá síðu 6



ÍSLENSKA SENDINEFNDIN Albert Jónsson, Ragnheiður Elin Árnadóttir, Jörundur Valtýsson og Helgi Ágústsson koma úr bandaríska sendiráðinu.

Varnarviðræður í brennidepli:

Leynifundur í sendiráðinu

VARNARMÁL Samninganefndir Bandaríkjanna og Íslands í varnaviðræðunum hittust í tæplega tvær klukkustundir í sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg síðdegis í gær. Fundinum var haldið leyndum fyrir fjölmiðlum.

Albert Jónsson, formaður íslensku samninganefndarinnar, Ragnheiður Elin Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde utanríkisráðherra, Helgi Ágústsson, sendiherra í Bandaríkjunum og Jörundur Valtýsson, sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu sátu óformlega fundinn. Fundurinn hófst skömmu eftir klukkan 17, með mönnum fimm sem leiða 26 manna viðræðunefnd bandarískra stjórnvalda.

- gag / sjá síðu 4

Tilræði á Vesturbakkanum:

Þrjú Ísraelar féllu í árás

ÍSRAEL, AP Palestínskur sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi sig í loft upp við innganginn að gyðingabyggðinni Kedoumim á Vesturbakkanum í gærkvöld og dró þrjú Ísraela með sér í dauðann. Ísraelskir fjölmiðlar greindu frá þessu.

Nýr ófgahópur með tengsl við Fatah-hreyfinguna lýsti yfir ábyrgð á tilræðinu, sem var það fyrsta sem framið er á hernum svæðunum síðan 29. desember. Þetta var jafnframt fyrsta sjálfsmorðssprengjutilræðið sem hópur ótengdur Heilögu stríði fremur frá því vopnahléi var lýst yfir í febrúar í fyrra.

- aa

BOÐENDIS

Þú þarf ekki að leita lengra ótrúleg verð á fartölvum.

Asus A6U
15,4" LCD, AMD mobile 3100+,
512MB minni, 60GB diskur
kortalesari, MSN vefmyndavél,
XP PRO, fartölvutaska og mús

á kr. 79.900,- stgr
Sjá í Fermingarblaðinu á bls. 11



- eþa - óká / sjá síðu 24

Bankarnir hækka vexti í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabankans:

Stöðvar varla verðbólguþot

EFNAHAGSMÁL Hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands í gær er vart talin munu stöðva verðbólguþota sem í vændum er.

Greiningardeild Kaupþings banka bendir á að áhrif vaxtahækkana komi fram með töf og hljóti hækkunar nú að miða við stöðuna eftir sex til átján mánuði. Seðlabankinn segir þörf á enn frekara aðhaldi sem bendir til þess að vaxtahækkunarferli bankans sé hvergi nærri lokið að mati greiningardeildarinnar.

Viðskiptabankarnir Glitnir og Landsbankinn brugðust skjótt við stýrivaxtahækkuninni með því að hækka sín vaxtakjör. Glitnir hækkaði vexti á verðtrygðum íbúðalán-



SEÐLABANKI ÍSLANDS HÆKKAR VEXTI Vaxtahækkunarferlinu er hvergi nærri lokið að mati greiningardeildar KB banka.

um úr 4,48 prósentum í 4,6 prósent og óverðtrygga vexti um 0,7-0,75 prósentustig. Landsbankinn hækkaði vexti á íbúðalánum í 4,70 prósent eða um fjórðung úr prósentu.

„Þessum breytingum er ætlað að leggja lóð á vogarskálarnar og styðja stjórnvöld og Seðlabankann

í þeirri viðleitni að viðhalda efnahagslegum stöðugleika,“ segir í tilkynningu frá bankastjórn Landsbankans.

KB banki hækkaði vexti af íbúðalánum í 4,6 prósent og mun hækka óverðtrygga vexti um næstu mánaðamót um 0,5-0,75 prósent.

Eins og við var að búast lækkuðu hlutabréf við vaxtahækkunina. Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,65 prósent og stóð í 5.891 stigi við lokun markaða. Krónan styrktist hins vegar við vaxtahækkunina, fjórða daginn í röð. Gengisvísitalan lækkaði um 0,55 prósent og styrktist því krónan sem því nam.



SPURNING DAGSINS

Árni, má ekki bjóða upp á spennandi óvissuferðir á Miðnesheiði?

„Nei, ég er viss um að Heilbrigðisnefnd Suðurnesja veit að hverju hún er að ganga.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, er meðal þeirra sem hefur áhyggjur af mengun á umráðasvæði varnarlíðsins á Suðurnesjum, en einnig er talið að virkar sprengjur séu grafnar í jörðu.

Breska lögreglan:

Fjármál allra flokka skoðuð

LONDON, AP Breska lögreglan sagði í gær að rannsókn þeirra á fjármálum Verkamannaflokksins myndi



TONY BLAIR

hér eftir ná til fjármála allra stjórnsmála-flokka í landinu.

Einnig ætlar kjörstjórnin í Bretlandi að fara fram á það við alla stjórnsmála-flokka að þeir geri nánari grein fyrir lánunum sem þeir hafa fengið frá fjársterkum stuðningsmönnum sínum.

Rannsókn á lánveitingunum hófst eftir að í ljós kom að fjórir auðjöfrar, sem höfðu lánað Verkamannaflokknum stórar fjárhæðir, hlutu í kjölfarið þingsæti í lávarða-deild breska þingsins.

Þrjú innbrot í austurborginni:

Líklega sömu menn að verki

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í tvo söluturna í fyrrinótt og barst lögreglu tilkynning um tilraun til innbrots í þann þriðja.

Talið er nokkuð víst að um sömu menn sé að ræða í öllum tilvikum en enginn hafði verið handtekinn í gær vegna þessa.

Ekki fékkst uppgefið hverju var rænt en skemmdir voru unnar á öllum stöðunum.

ÍSRAEL

Lokatölur kosninga Þegar lokatölur þingkosninga í Ísrael voru birtar í gær, kom í ljós að Kadima-flokkur sitjandi forsætisráðherra landsins hlaut eitt sæti til viðbótar við þau sem bráðabirgðaúrslit sögðu til um, eða 29 af 120 sætum í þinginu. Likud-flokkurinn herskái hlaut jafnframt eitt sæti til viðbótar, eða tólf alls.

Sáttasemjarkvartettinn skorar á Hamas að milda stefnu sína:

Hætta á að missa fjárstuðning

BRUSSEL, AP Fulltrúar kvartettsins svonefnda sem gegnt hefur sáttasemjarkvartettinum, Bandaríkja-anna, Evrópusambandsins, Rússlands og Sameinuðu þjóðanna, vörðuðu í gær nýja heimastjórn Palestínu sem að mestu er skipuð liðsmönnum hinna herskáu Hamas-samtaka, við því að hún yrði að viðurkenna Ísrael og leita eftir friðarviðræðum, vilji hún tryggja að henni berist áfram alþjóðleg fjárhagsaðstoð.

„Kvartettinn er á einu máli um að það muni óhjákvæmilega hafa áhrif á beina aðstoð til þessarar stjórnar og ráðuneyta hennar, verði þessum skilyrðum ekki

fullnægt,” að því er segir í sam-eiginlegri yfirlýsingu kvartettsins sem gefin var út í Brussel í gær.

Nýr utanríkisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar, Mahmoud Zahar, hefur sagt að nýja stjórnin muni ekki láta undan erlendum þrýstingi um að hún endurskoðaði stefnu sína; hún hefði engin áform um að eiga viðræður við Ísraelstjórn. Hann fordæmdi í gær jafnframt ákvörðun Kanadastjórnar um að stöðva fjárhagsaðstoð sína við heimastjórnina, en tilkynnt var um þá ákvörðun í beinu framhaldi af því að nýja Hamas-stjórnin sör embættiseið í fyrirkvöld.



ENGINN SÁTTATÓNN Nýr utanríkisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar, Mahmoud Zahar, sver embættiseið. Mahmoud Abbas Palestínuforsæti, forsætisráðherrann Ismael Haniyeh og fleiri ráðherrar fylgjast með.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttað yfir Charles Taylor:

Haag betri vettvangur

SIERRA LEÓNE, AP Alþjóðlegir saksóknarar fóru í gær fram á að réttarhöldin yfir Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, yrðu færð frá Sierra Leóne til Haag. Stríðsglæpudómstóll S.þ starfar í báðum löndunum, og myndu starfsmenn dómstólsins í Sierra Leóne stjórna réttarhöldunum í Hollandi.

Taylor er ákærður fyrir stríðsglæpi og telja saksóknararnir öruggara að færa hann frá Afríku, þar sem hann á bæði fjölmarga stuðningsmenn og fjármuni. Gert er ráð fyrir að Taylor mæti fyrir dóm í dag, en hann er fyrsti Afríkuleiðtoginn sem alþjóðlegir dómstólar rétta yfir vegna stríðsglæpa.

- smk

Fiðla hefur áhrif á eignastöðu RÚV

Ríkið, Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið deila um eignarhald á verðmætri Guarneri-fiðlu sem áhrif getur haft á eignastöðu hlutfélags um RÚV. Hefðarétturinn er okkar segir framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

RÍKISÚTVARPIÐ „Það er í mínum huga yfir vafa hafið að fiðlan er eign Ríkisútvarpsins og svo hefur verið frá upphafi,” segir Páll Magnússon útvarpsstjóri um forlata Guarneri-fiðlu sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur haft í sinni vörslu og notað í þágu hljómsveitarinnar um áratuga skeið.

Pröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, telur afdráttarlaust að hljómsveitin hafi unnið sér hefðarétt til fiðlunnar.

„Við höfum kostað viðhald hennar og tryggjum hana hana dýru verði eða fyrir sem nemur 900 þúsund krónum á ári.

Auk þess má benda á ókeypis afnot Ríkisútvarpsins af tónleikum hljómsveitarinnar.“

Páll Magnússon segir að tryggingarfélagið meti fiðluna á nærri tvær milljónir dollara. Þannig er verðmæti hennar að lágmarki 140 milljónir króna en gæti hæglega verið meira.

Horfur eru á að eigið fé Ríkisútvarpsins há eff verði neikvætt að óbreyttu, en Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, segir að eignarfjárstaða RÚV komi til athugunar á fjárukalögum þegar rekstrarformi stofnunarinnar verði breytt.

Ljóst er því að eignaréttur Ríkisútvarpsins á svo verðmætri fiðlu getur skipt umtalsverðu máli þegar hlutfélagið fær eignir til ráðstöfunar.



GUARNERI Guarneri fjölskyldan á Ítalíu smíðaði samnefndar fiðlur frá því snemma á sautjándu öld og eru elstu fiðlurnar um 350 ára gamlar.



PRÖSTUR ÓLAFSSON PÁLL MAGNÚSSON

Eftir því sem næst verður komist gerir fjármálaráðuneytið einnig tilkall til fiðlunnar, þannig að í raun takast Sinfóníuhljómsveitin, RÚV og ríkið á um eignaréttinn yfir henni.

Guarneri-fjölskyldan á Ítalíu smíðaði fiðlur á sautjándu öld og fram undir miðja þá átjándu. Því

er fiðlan ekki yngri en 250 ára og gæti verið frá sama tíma og Stradivarius-fiðlurnar. Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri keypti fiðluna um miðja síðustu öld fyrir Björn Ólafsson konsertmeistara. Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari hefur fólstrað hana eftir hans dag og hefur hún verið yfirfarin, meðal annars hjá fiðlusmið í New York.

Pröstur Ólafsson lítur svo á að samningur Sinfóníuhljómsveitarinnar um afnot af fiðlunni sé ekki uppsegjanlegur. „Þessi mál þurfa að komast á hreint áður en frumvarp um Ríkisútvarpið há eff verður að lögum og naflastrengurinn verður slitinn milli þess og Sinfóníuhljómsveitarinnar eins og lögin gera ráð fyrir,” segir Pröstur.

johannh@frettabladid.is

Að horfa á myndband er góð skemmtun.

Hlutfélagavæðing ríkisyfirtækja heldur áfram með nýju stjórnarfrumvarpi:

ÁTVR breytt í hlutfélag

ÁFENGI Fjármálaráðherra hefur kynnt þingflokkum stjórnarflokka frumvarp til laga um að breyta Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í hlutfélag.

Gert er ráð fyrir að það verði lagt fram á Alþingi öðru hvoru megin við helgina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er löggó áhersla á að frumvarpið geti orðið að lögum áður en þinghaldi verður frestað í byrjun maí næstkomandi. Ekki er gert ráð fyrir að selja einkaaðilum hluti í félaginu, en nýta kosti rekstrarforms hlutfélagsins að öðru leyti. Eftir því sem næst verður komist er ágreiningur lítill um málið innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Guðlaugur Þór Þórðarson og fjöldi annarra þingmanna hafa lagt áherslu á að afgreiða frá nefnd frumvarp sem kveður á um að einkasala ríkisins á léttvíni og



ÁTVR Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður breytt í hlutfélag samkvæmt lagafrumvarpi fjármálaráðherra sem verður lagt fram á þingi í dag.

bjór verði afnumin. Heimildir eru fyrir því að ekki standi til að draga það frumvarp til baka þó að frumvarp um að breyta Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í hlutfélag verði lagt fram á Alþingi.

Einhver ágreiningur mun hafa

risið um málið innan þingflokks Framsóknarflokksins áður en samþykkt var að leggja frumvarpið fram á þingi. Samkvæmt áætlun eru aðeins fjórtán dagar eftir til þingfunda á Alþingi áður þinghaldi- ni lýkur.

- jh



GÓÐAR ÖLDUR Brimbrettafólk kættist yfir hvirfilbylnum Glendu sem reið yfir Ástralíu í gær. Myndin er tekin í Sydney.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óveður í Ástralíu:

Annar hvirfilbylur ríður yfir

ÁSTRALÍA, AP Hvirfilbylurinn Glenda geislaði um norðvesturströnd Ástralíu í gær, aðeins rúmri viku eftir að hvirfilbylurinn Larry reið yfir. Norðvesturströndin er þó strjálbýl og höfðu engar fregnir borist af skemmdum eða slysum á fólki þar í gær. Að sögn áströlsku veðurstofunnar náði vindhraðinn allt að 160 kílómetrum á klukkustund.

Bylurinn kom fyrst á land um klukkan 16 í gær að staðartíma, um 1000 kílómetrum norður af Perth, og fylgdi Inndlandshafsströndinni í suð-suð-vestur. Glenda hafði jafnframt mikil áhrif á flóð og fjöru, og kættust brimbrettaá hugamenn mikið yfir stórum öldum víðs vegar um Ástralíu.

- smk

SJÁVARHÁSKI

Strand við Eyjafjörð Línubáturinn Tjaldur strandaði við austanverðan Eyjafjörð í gærmorgun en losnaði af strandstað klukkustund síðar með aðstoð dráttarbáts. Var báturinn á leið til Akureyrar þegar atvikið átti sér stað.

LÖGREGLUMÁL

Hraðakstur í Reykjavík Af alls átján öikumönnum sem stöðvaðir voru vegna hraðaksturs í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík síðasta sólarhring voru tólf talsins sem óku vel yfir hundrað kílómetra hraða. Var í langflestum tilfellum um unga öikumenn að ræða.



Mitt kort með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is



410 4000 | landsbanki.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 30.3.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	70,16	70,5
	Sterlingspund	122	122,6
	Evra	84,63	85,11
	Dönsk króna	11,342	11,408
	Norsk króna	10,6	10,662
	Sænsk króna	8,985	9,037
	Japanskt jen	0,5973	0,6007

SDR 101,01 101,61

Gengisvísitala krónunnar

118,3584

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umsókn um að koma Surtsey á heimsminjaskrá Unesco hafnað:

Vinna þarf umsóknina betur

NÁTTÚRUVERND Umsókn Íslands um að koma Surtsey á heimsminjaskrá Unesco hefur verið endursend stjórnvöldum þar sem hún þótti ekki nægilega vel unnin.

Þetta staðfesti starfsmaður hjá Stofnun heimsminjaskrárinnar í París í viðtali við Fréttablaðið og sagði að ýmislegt hefði upp á vanti að svo að nægilegar upplýsingar kæmu fram til að umsóknin teldist gild að þeirra mati. Hafa íslensk stjórnvöld því tæpt ár til viðbótar til að fullvinna umsóknina áður en hægt er að sækja um á nýjan leik.

Hugmyndinni um að koma Surtsey á hina virtu heimsminjaskrá var hrundið í gegn með litl-

um fyrirvara seint á síðasta ári og var það mat ýmissa sem að vinnu þeirri komu að tíminn væri of knappur. Aðeins liðu tveir mánuðir frá því Náttúrufræðistofnun fékk það verkefni að útbúa tilnefningarskýrslu vegna þessa þar til umsóknarfrestur rann út þann 1. febrúar síðastliðinn. Var umrætt vinnulag samþykkt af ríkisstjórninni að tillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Sigríðar Önnu Þórðardóttur, umhverfissráðherra, þar sem ekki þótti ráðlegt að bíða of lengi með tilnefningar Íslands til heimsminjaskrárinnar.



FRÁ SURTSEY Þessi einstaka náttúruperla Íslendinga kemst ekki á heimsminjaskrá Unesco að svo stöddu þar sem umsókn stjórnvalda þótti ekki nægilega vel unnin og var endursend.

MYND/SIGURDUR H. MAGNÚSSON

Fjármálaráðherra og verðlag:

Vaxtahækkun hrífur vonandi

VERDBÓLGA Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að ómögulegt sé að leggja mat á það hvort spá Seðlabankans um allt að sex prósentan verðbólgu yfir lengri tíma muni standast. „Það fer annars vegar eftir því hver þróun gengisins verður og hins vegar eftir því hver áhrif vaxtahækkunar Seðlabankans verður og jafnvel áhrif vaxtahækkunar sem kann að verða síðar. Tilgangur vaxtahækkunarinnar er einmitt sá að koma í veg fyrir að spáin um háa verðbólgu rætist. Ég vona að Seðlabankanum gangi vel að láta vextina hafa tilætluð áhrif,“ segir fjármálaráðherra.

- jh

Nefndirnar hittast



ÚR BANDARÍSKU NEFNDINNI James Joyce Townsend Jr., Carol van Voorst sendiherra og Mark A. Pekala stilltu sér upp í myndatöku fyrir leynifundinn.



THOMAS R. COON Hershöfðinginn er einn þeirra fimm sem er í forsvari fyrir 26 manna bandarísku sendinefndina.



ALBERT OG RAGNHEIÐUR Forsvarsmenn íslensku nefndarinnar röltu frá sendiráðinu.



ÍSLENSKA SENDINEFNDIN Albert litur um öxl. Ragnheiður í símanum og Jörundur og Helgi arkar á undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðræðunefndirnar hittust á leynifundi í sendiráðinu

Forsvarsmenn íslensku og bandarísku nefndanna í varnarviðræðunum sátu nær tveggja stunda fund í gær. Farið var yfir skipulag og dagskrá fundarins í dag en lítillaga komið inn á efnistökin í viðræðunum.

VERNARMÁL Samninganefndir Bandaríkjanna og Íslands í varnarviðræðunum hittust í tæplega tvær klukkustundir í sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg síðdegis í gær. Fundinum var haldið leyndum fyrir fjölmiðlum. Albert Jónsson, formaður íslensku samninganefndarinnar, sagði í gær að enginn fundur yrði milli nefndanna fyrir þann stóra í dag.

„Eins og ég skil það eru Bandaríkjamenn í einhverjum eigin fundarhöldum og fólk að koma héðan og þaðan að,“ sagði hann spurður rétt fyrir fjögur í gærdeg hvort nefndirnar ætluðu að hittast. Hann vildi þá ekki tjá sig um hvort varnarmálin yrðu einungis rædd á fundinum í dag eða einnig atvinnumál á Keflavíkurflugvelli og sagði slíkt geta skaðað samningaviðræðurnar.

Auk Alberts sátu Ragnheiður Eln Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde utanríkisráðherra, Helgi Ágústsson, sendiherra í Bandaríkjunum og Jörundur Valtýsson, sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu óformlega fundinn, sem hófst rúmlega fimm,



ÍSLENSKA SENDINEFNDIN KEMUR ÚR BANDARÍSKA SENDIRÁÐINU Jörundur Valtýsson, Helgi Ágústsson, Ragnheiður Eln Árnadóttir og Albert Jónsson koma hér af tveggja klukkustunda fundi sem haldið var leyndum fyrir fjölmiðlum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með mönnum fimm sem leiða viðræðurnar fyrir bandarísk stjórnvöld.

Eftir að fundinum lauk um sjöleytið, sagði Albert að ekki væri mikið um hann að segja. „Við vorum fyrst og fremst að fara yfir skipulagið og dagskrána og hitta fólk sem er í forsvari fyrir við-

ræðunum.“ Albert vildi ekkert frekar gefa upp um efnisatriðin en sagði að einungis lítillaga hefði verið komið inn á efnistökin fundarins í dag.

Hershöfðingi í Evrópustjórn Bandaríkjanna, Thomas R. Coon, sagði eftir óformlega fundinn í gær að sendinefndin ætlaði að

miðla þeim hugmyndum sem þeir hefðu um varnarsamstarfið í framtíðinni til stjórnmalaleiðtoga. „Vonandi gefum við þeim góða tilfinningu gagnvart áætlunum okkar og getu okkar til þess að verja landið, samkvæmt varnarmálasamningnum frá 1951. Ég tel að eftir að við höfum náð að tala við alla líði mönnum betur með ákvörðun okkar.“

Thomas sagði ekki tímabært að fara í smáatriði þegar hann var spurður frá hvaða landi þeir hyggðust verja Ísland. „Á fundinum munum við ræða meira á almennum notum.“

Aðalfundurinn hefst í dag klukkan hálf tíu. Alls eru 26 í bandarísku sendinefndinni. Þeir koma frá bandarísku utanríkisráðuneytinu, varnarmálaráðuneytinu og frá höfuðstöðvum Evrópuvæðdar Bandaríkjahers í Stuttgart. Níu eru í þeirri íslensku, frá Keflavíkurflugvelli, sendiráði Íslands í Bandaríkjunum, utanríkis-, forsætis- og dómsmálaráðuneytinu.

gag@frettabladid.is
magnush@frettabladid.is

Íslensk nefnd um varnarmál:


Níu manna íslensk nefnd



Formaður **Albert Jónsson**, ráðgjafi í utanríkisráðuneytinu.
Ragnheiður Eln Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.
Jón Egill Egilsson, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.
Helgi Ágústsson, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.
Þórður Bjarni Guðjónsson sendifulltrúi
Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.
Jörundur Valtýsson, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu.
Jón E. Böðvarsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli.
Erlingur Erlingsson sendiráðsritari.

Nefnd Bandaríkjamanna:

Fimm menn fara fyrir nefndinni



Carl van Voorst, sendiherra á Íslandi, formaður nefndarinnar.
Mark Pekala varaaðstoðarutanríkisráðherra.
James Townsend fer fyrir NATO-samstarfi í varnarmálaráðuneytinu.
Noel Preston, flotaforingi í hernum og yfirmáður bæstisöðva flotans í Evrópu.
Richard Mills, hershöfðingi og aðstoðaraðgerðastjóri Evrópustjórnar.
Thomas Coon, hershöfðingi í Evrópuherstjórn.


Það mælti mín móðir að mér skyldi kaupa, fley og fagrar árar.

S.K.O

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun



Yfirleitt 5-10 m/s

» sunnudagur

Viðast 3-10 m/s, hvassast á útnesjum vestan og austan til.

Kaupmannahöfn	8°C alskýjað	Paris	15°C alskýjað	Torrevieja	25°C heiðskirt
Oslo	0°C alskýjað	Berlín	12°C skúrir	Milano	15°C hálfskýjað
Stokkhólmur	2°C alskýjað	Frankfurt	14°C skúrir	New York	21°C léttskýjað
Helsinki	1°C alskýjað	Madrid	23°C heiðskirt	San Francisco	14°C rigning
London	15°C hálfskýjað	Barcelona	19°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	28°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Svínakjötsútsala

20 - 40% afsláttur



GOTT RÁÐ

Alltaf ætti að elda svínakjöt við bæði háan og síðan lágan hita eða öfugt svo bæði náist stökk húð og meir vöðvi.

Sigurður Gíslason
aðstoðar yfirmatreiðslumaður á Vox meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Svínabógur
úr kjötborði

TILBOÐ

449 kr/kg

Verð áður 579,-



Lambahryggur
frosinn - frá Fjallalambi

TILBOÐ

999 kr/kg

Verð áður 1.448,-



Hamborgarhryggur
með beini

TILBOÐ

959 kr/kg

Merkt verð 1.598,-



TILBOÐ

889 kr/kg

Verð áður 1.398,-



TILBOÐ

499 kr/kg

Verð áður 798,-



TILBOÐ

498 kr/kg

Verð áður 649,-

Svínakótilettur

Svínarífjasteik

Svínalæri úr kjötborði



Nýtt
í Hagkaupum

TWISTED

Lífrænn ávaxtasafi
nú loksins fáanlegur
í Hagkaupum



15%
afsláttur við
kassa

Jói Fel ís, 3 tegundir
- þennan verður þú að smakka



Avocado olía í matreiðsluna
- líka frábær sem brauðdýfa og salatsósa



Nýtt

MS sýrður léttur
- sýrður léttur er einungis með 5% fitu

Gildir til 2. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Er þér boðið í fermingarveislu á næstunni?

Já	63%
Nei	37%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að leyfa spilavíti hérlendis?

Segðu þína skoðun á visir.is



IGS ætlar að áfrýja úrskurði Samkeppniseftirlitsins:

Neita að hafa brotið af sér

SAMKEPPNISMÁL Forsvarsmenn Flugþjónustunnar á Keflavíkflugvelli, IGS, ætla að áfrýja úrskurði Samkeppniseftirlitsins, sem komst að þeirri niðurstöðu að IGS hefði brotið samkeppnislög með samningi sínum við þýska flugfélagið LTU. Þýska félagið samdi við IGS um þjónustu árið 2004 en hafði áður verið í viðskiptum við Vallarvini, sem sinna sambærilegri þjónustu og IGS og eru því í samkeppni um viðskiptavinum.

Samkeppniseftirlitið telur samning IGS brot á samkeppnislögum, því tilboð fyrirtækisins í verkefni fyrir LTU var einungis til þess ætlað að valda Vallarvinum óþægindum.



FLUGVÉLAR ÞJÓNUSTAÐAR IGS er sagt hafa brotið samkeppnislög þegar félagið samdi við þýska flugfélagið LTU.

Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, telur úrskurð Samkeppniseftirlitsins ekki fela það í sér að samningur IGS við LTU sé ólöglegur. „Við teljum forsendur samnings-

ins ekki vera brostnar. Við munum áfrýja þessari niðurstöðu vegna þess að við teljum okkur ekki hafa brotið lög eða reglur.“

Vallarvinir eru enn starfandi á Keflavíkflugvelli og hafa nýlega gengið frá samningi við British Airways. Sigbór Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Vallarvina, segist hafa búist við því að Samkeppniseftirlitið myndi finna að aðferðum IGS. „Ég var aldrei í vafa um að það hefði verið á okkur brotið og er ánægður með niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Miðað við úrskurðinn þá er ljóst að ekki er lengur grundvöllur fyrir samningi IGS við LTU.“

Vinnulagadeilan í Frakklandi:

Lögin úrskurðuð lögmæt

PARÍS, AP Stjórnlagaráð Frakklands, sem sker úr um hvort lög sem þingið samþykkir stangist á við stjórnarskrána eður ei, úrskurðaði í gær að umdeild lög um breytta vinnulöggjöf stæðust þá skoðun. Þar með situr Jacques Chirac forseti uppi með ákvörðunina um næsta skref í deilunni, sem orðið hefur tilefni harkalegra mót-mæla gegn ríkisstjórninni.

Chirac getur annað hvort staðfest lögin en þar með myndi hann kalla enn harkalegri mótaðgerðir yfir landið. Hinn kosturinn væri að senda lögin aftur til þingsins en þar með bryti hann gegn eindregnum vilja stjórnarinnar. ■

ALVEG MILLJÓN!

BÍLAR Á 990.000,- LAUGARDAG, KL 12:00 TIL 16:00

TÆPLEGA

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR



KJARNORKUVINNSLA Íranskir kjarnorkuverstarfsmenn meðhöndla ílát sem í er úran í kjarnorkuveri sunnan við Teheran. Fimmtán fulltrúar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að veita Írönnum 30 daga frest til að hætta tilraunum með auðgun úrans. NORDICPHOTOS/AFR

Íranar fá frest til að hætta tilraunum

Ráðherrar ríkjanna fimm sem hafa neitunarvald í Öryggisráði SP, auk Þýskalands, hvöttu Íransstjórn í gær til að stöðva alla auðgun úrans á heimavelli, en Íranar segja engar líkur vera á því að þeir hlýði þeim tillögum.

BERLÍN, AP Íranar hafa 30 daga til að velja á milli alþjóðlegrar einangrunar ellegar að snúa aftur að samningaborðinu varðandi auðgun þeirra á úrani, var niðurstaða fundar utanríkisráðherra Rússlands, Kína, Frakklands, Bandaríkjanna, Bretlands og Þýskalands sem saman komu í Berlín í gær.

Tilgangur fundarinnar var að ræða áætlun um hvernig Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur á kjarnorkumálefnum Írans, en í New York á miðvikudagskvöld samþykktu 15 fulltrúar ráðsins samhljóða að veita Írönnum þrjátíu daga frest til að hætta tilraunum sínum með auðgun úrans. Að frestinum liðnum ber Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) að gefa Öryggisráðinu skýrslu, þar sem fram á að koma hvort og hvernig Íranar hafi brugðist við þessum tilmælum. Reynist þeir ekki hafa sinnt þeim, getur Öryggisráðið gripið til aðgerða eins og

viðskiptaþvingana.

Á blaðamannafundi eftir fundinn í gær lýsti Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, því yfir að „alþjóðasamfélagið væri sameinað“ í afstöðu sinni til kjarnorkuvinnslu Írana, og gaf til kynna að Öryggisráðið mun hefja aðgerðir bregðist Íran ekki við á þann hátt sem ráðið leggur til.

Þó bentu orð utanríkisráðherra Rússlands og Kína til þess að ráðið væri ekki alveg einhuga um viðbrögð við áframhaldandi kjarnorkuvinnslu Írana, haldi þeir úranauðguninni áfram.

Fulltrúar Írans breyttu ekki skoðun sinni í gær. Ali Asghar Soltanieh, helsti fulltrúi Írans innan IAEA, sagði við fréttamann eftir fundinn í gær að Írönnum væri það ómögulegt að hætta auðgun úrans, og ítrekaði enn á ný að kjarnorkuvinnsla þeirra væri eingöngu ætluð til friðsamlegra nota.

Vesturveldin telja orð Írana um

tilgang vinnslunnar hins vegar lítt trúanleg, og telja að Íranar ætli sér að nota auðgað úran til framleiðslu á kjarnavopnum.

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, sagðist vonast til þess að ummæli Soltanieh væru ekki lokaorð Írana í þessu máli, og bætti því við að 30 daga fresturinn veitti Írönnum tækifæri „til að taka ákvörðun um einangrun...eða að snúa aftur að samningaborðinu.“

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, tók fram á blaðamannafundinum að utanríkisráðherrarnir hefðu ekki rætt mögulegar refsiaðgerðir gegn Íran, og að Rússar styddu ekki slíkar aðgerðir. Dai Bingguo, aðstoðar-utanríkisráðherra Kína, kallaði jafnframt eftir „friðsamlegri lausn“ á málinu. Bentu orð þeirra til minni samstöðu meðal ráðherranna en Rice vildi vera láta.

smk@frettabladid.is

Fatamarkaður Rauða krossins 1. apríl



Kópavogsdeild Rauða krossins heldur fatamarkað laugardaginn 1. apríl kl. 11-16 í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð.

Allur ágóði til styrktar götubörnum í Mósambík. Seld verða notuð föt á konur, karla, ungmenni og börn. Verð: 300 kr./500 kr.

Nemendur í MK annast markaðinn sem er loka-kerfni þeirra í áfanga um sjálfbóðið starf. Kaffi á könnunni.



Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 · Sími 554 6626 · kopavogur@redcross.is · www.redcross.is/kopavogur

S.KO

Það er gott að búa í Kópavogi.

Sigurður Jóhannsson, bóndi á Stóra-Kálfalæk, segir varpland í mikilli hættu:

Eldveggurinn æddi framhjá

SINUELDAR „Þetta var lán í óláni má kannski segja því eldurinn lenti að megninu til á milli bæja,“ sagði Sigurður Jóhannsson, bóndi á Stóra-Kálfalæk, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld. Hann segir eldvegginn hafi farið um kílómetra frá sínum bæ þar sem hann hentist áfram á miklum hraða og ljóst að miklar skemmdir hafi orðið á varplandi mófugla og girðingar séu brunnar. Hann segir bæinn Laxárholt hafa verið í hættu en eldurinn farið vestan við bæinn. Einnig sé eyðibýli og sumarhús í hættu. „Það er ekki séð fyrir endann á þessu, ekkert nálægt því,“ sagði Sigurður.

Þjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarnesi, segist ekki




ELDURINN EIRÐI ENGU Sinueldarnir eyðilögðu fjölda girðinga og einnig varpland mófugla á stóru svæði. Íbúðarhús voru í mikilli hættu en betur fór en á horfðist. SKESSUHORN/MAGNÚS

hafa viljað láta sína menn inn í eld-ana. „Svona eldur drepur allt sem fyrir honum verður. Það lifir enginn í þessu. Það eina sem hægt er að gera núna er að bíða eftir að eldurinn brenni út sem tekur líklega allan daginn í dag. Landið sem mun

brenna er frá Álftá og vestur að Hítará. Þetta er allur Hraunhreppur og Mýrar. Þetta er því gríðarlegt flæmi. Ef þetta var gert viljandi þá er þetta tilræði við líf, eignir og heilsu fólks,“ sagði Bjarni að lokum.

-shá



ARGUS / 06-0120

„Búið þér við fullt frelsi?“

Barátta Íslendinga fyrir frelsi í viðskiptum hefur staðið í hundruð ára. Þróunin hefur verið afar jákvæð en draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver er forsætisráðherra heima-stjórnar Palestínu?
- 2 Hvaða lið mætast í úrslitum Íslands-móts kvenna í körfubolta?
- 3 Hvað heitir sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi?

SVÖR Á BLS. 62

Gríðarlegir vatnavextir í Tékklandi:

Tíu þúsund manns yfirgefa heimili sín

TÉKKLAND, AP Um 10.000 manns var gert að yfirgefa heimili sín í borginni Znojmo og nálægum þorpum í suðausturluta Tékklands í gær vegna mikilla flóða á svæðinu. Hundruð sjálfboðaliða unnu að því að reisa flóðvarnargarða meðfram ám landsins, þar með talið meðfram bökum Dyje-árinna sem rennur í gegnum Znojmo og Mold-ár sem rennur í gegnum tékknesku höfuðborgina Prag.

Forsætisráðherra landsins sneri heim í gær, en hann var í opinberri heimsókn í Egyptalandi, og hélt

neyðarfund í þinginu vegna ástandsins. Almannaþingarmenn reyndu eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að hamfarirnar sem urðu í ágúst 2002 endurtaki sig, þegar mikil flóð urðu sextán manns að bana og kostuðu viðgerðir vegna flóðanna milljarða króna. Þó eru flestar borgir betur settar nú en þá, með sterkari flóðgarða og hafa yfirvöld víða fylgst grannt með stíflum vegna mikilla frosta og snjókomu í vetur.

Jafnframt rýmdu um 1.000 Þjóðverjar heimili sín meðfram landa-



FLÓÐGARÐAR BYGGÐIR Fólk fyllti sandpoka sem notaðir voru í flóðgarða meðfram Dyje-ánni í borginni Znojmo í Tékklandi í gær, en ár þar í landi eru í miklum vexti vegna leysinga og rigninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

mærum Tékklands vegna flóðanna, en yfirborð Saxelfar hafði risið um sjö metra í gær og talið var að það myndi ná 8,5 metrum í kvöld. - smk

Baugur kaupir í Dagsbrún:

Bætir við sig 4,5 prósentum

VIÐSKIPTI Baugur Group hefur aukið hlut sinn í Dagsbrún, móðurfélagi 365 miðla, í annað skipti á skömmum tíma. Félagið tilkynnti í gær um kaup á 4,56 prósentum hlut og var kaupverðið tæpir 1,6 milljarðar króna.

Seint í febrúar festi Baugur kaup á bréfum í Dagsbrún fyrir meira en 600 milljónir króna.

Eignarhlutur Baugs fer því í 34,55 prósent af öllu hlutafé Dagsbrúnar og er Baugur því eftir sem áður langstærsti hluthafinn.

Markaðsverðmæti Dagsbrúnar er um 34,5 milljarðar króna þannig að hlutur Baugs liggur nálægt 11,9 milljörðum að verðmæti. - eþa

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

VÍKUR
V · E · R · K

Arnar Kristín
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720



EYJÓLFUR RÆÐIR VIÐ LÖGMANN Eyjólfur Sveinsson sést hér við hlið konu sinnar í dómsal við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001

www.akraland.is



Tilboðsfrestur 6. apríl, kl. 15.00

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Akraland ehf. er nú að hefja sölu lóða í 2. áfanga Akrahverfis í Garðabæ. Um er að ræða 35 lóðir undir einbýlis-hús. Framkvæmdir og uppbygging í Akrahverfinu hófust 2005. Þar er að rísa glæsilegt hverfi þar sem mikill metnaður ræður ríkjum varðandi hönnun, arkitektúr og alla uppbyggingu í metnaðarfullu sveitarfélagi.

Lóðirnar eru frábærar eignarlóðir og hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ. Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru staðsettar rétt við greiðar og fljótfnar umferðaræðar sem liggja til allra átta.

Tilboðum í lóðirnar skal skila eigi síðar en **6. apríl 2006 kl. 15:00**. Tilboðunum skal skila á skrifstofu Akralands í Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasalan Borgir mun einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.



Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærð þeirra og nýtingu ásamt upplýsingum um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands, www.akraland.is

Mikilvægt er að tilboðsgjafar kynni sér vel öll tilboðsgögn, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá, sölu- og skipulagsskilmála en öll tilboð taka mið af þessum skilmálum.

Sex af tíu dæmdir sekir

Sex menn voru í gær dæmdir sekir fyrir þátt sinn í máli ríkissaksóknara gegn tíu einstaklingum sem komu að starfi dótturfyrirtækja Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. Eyjólfur Sveinsson fékk þingsta dóminn.

DÓMSMÁL Eyjólfur Sveinsson var í gær dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir brot á lögum um skil á vörslusköttum og umboðssvik. Hann fékk að auki 67 milljóna króna sekt. Tólf mánuðir af dómnum eru skilorðsbundnir.

Eyjólfur fékk þingsta refsinguna af þeim tíu einstaklingum sem ákærðir voru vegna brota í starfsemi dótturfyrirtækja Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., sem varð gjaldþrota í júlí 2002. Fyrirtækin sem tengjast málin hafa öll verið lýst gjaldþrota.

Helgi Jóhannesson, lögmaður og talsmaður Eyjólfssonar, segir dómurinn vera þungan og hafa komið á óvart. „Dómurinn kemur verulega á óvart og er ekki í samræmi við gögn málsins eða framburð vitna. Í þeim hluta málsins er varðar meint umboðssvik, er ekkert sem gefur tilefni til þess að ætla að Eyjólfur Sveinsson hafi vitað nokkuð, eða mátt vita, um það sem þar fór fram. Þess vegna er engu líkara en að dómurinn sé að snúa við sönnunarbyrðinni og koma því þannig við að Eyjólfur þurfi að sanna sakleysi sitt. Sem er frávik frá grundvallarreglunni.

Varðandi vörsluskattabrotin þá er engu líkara en að dómurinn hafi ekki litið til nýrra laga, sem gera til dæmis ráð fyrir því að litið sé til innborgana við ákvörðun á sektarfjárhæð. Það veður sérstaka athygli að hálf tíma eftir að dómurinn fellur kollvarpar Hæstiréttur þessari viðmiðunarreglu héraðsdóms í dómi þar sem litið er til þessara nýju laga. Það er augljóst að dómnum verður áfrýjað.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að í þeim sjö brotum sem Eyjólfur var ákærður fyrir, var búið að greiða til baka stóran hluta af þeirri upphæð sem til grundvallar lá.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir dóm héraðsdóms vera í samræmi við alvarleika brotanna í ákærinni. „Þetta er gríðarlega umfangsmikið mál og dómurinn er í samræmi við málalíbúnað. Þó að borgaður hafi verið til baka hluti af þeim upphæðum sem nefndar voru í ákæru, þá liggur fyrir að refsivert er að borga ekki á réttum tíma og þá er brotið fullframið. Dómurinn hefur ekki talið að endurgreiðslur hafi verið með þeim hætti, að þær gæfu tilefni til refsilækkunar.“

Þrír af þeim sem ákærðir voru í málinu voru sýknaðir en það voru Karl Þór Sigurðsson, Valdimar Grímsson og Sigurður Ragnarson. Ákærum á hendur Sverri Viðari Hauksyni var vísað frá dómi.

Sveinn Eyjólfsson, faðir Eyjólfssonar, var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða fimmtán milljónir króna í sekt. Marteinn Jónsson fékk næstþingsta dóminn, tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi og 68,9 milljón króna sekt. Svavar Ásbjörnsson fékk sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, Ómar Geir Þorgeirsson fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og Ólafur Haukur Magnússon fékk fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og 5,5 milljóna króna sekt.

magnush@frettabladid.is



Stórir pakkar frá EJS

Fermyntartilboð

Það er gaman þegar pakkin kemur frá EJS. Helst vildum við koma í veisluna og vera með þegar pakkanir eru opnaðir því stóri pakkin er oftast bestur. Skínandi fartölva, öflug borðtölva eða frábært sjónvarp! En við látum duga að hugsa hlýlega til ykkar, því við vitum að gjöfin gleður.

Verð getur breyst án fyrirvara og er háð gengi.



Hantarex 26" LCD sjónvarp
Staðgreiðsluverð **149.900,-**

Hantarex 20" LCD sjónvarp
Staðgreiðsluverð **99.900,-**

Sjónvörpin sem fagmennirnir nota.
Innbyggður DVD/DivX spilar og frábær myndgæði!



Dell Dimension 5150

Prentari, hátalarar og vírusvörn fylgja.

Intel Pentium 4 630 3,00GHz HT örgjörvi

512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni

160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur

16X DVD+RW Dual Layer geislaskrifari

128MB ATI Radeon X300 SE skjákort

9-1 minnskortalesari

7 USB 2.0 tengi, IEEE 1394 FireWire

Dell E176FP flatur skjár

Microsoft Works 7.0 og Dell Media

Experience 3.0 De Luxe

Microsoft Windows XP Home SP2

Fermyntartilboð **134.400,-**

Vaxtalaust 11.676,- á mán. í 12 mánuði.



Dell 924 AIO Altec Lansing ADA525 PC Cillin

Dell Inspiron 630m fartölva

Vefmyndavél, vírusvörn og taska fylgja.

Intel Pentium M 750 1,86GHz örgjörvi

512MB 533MHz DDR2 vinnsluminni

14.1" WXGA TFT True Life skjár

60GB harður diskur

8X DVD+/-RW DVD geislaskrifari

Intel Pro 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g

Innbyggt Bluetooth

Fjögur USB 2.0, FireWire, S-Video, skjátengi

5-1 minnskortalesari

Microsoft Windows XP Professional

Fermyntartilboð **155.100,-**

Vaxtalaust 13.529,- á mán. í 12 mánuði.



Pleomax vefmyndavél PC Cillin Coluco taska



Tölvum fylgir eins árs ábyrgð EJS og 2ja ára neytendaábyrgð.

Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

PENNINN / Hallarmúla / 540 2000 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMÉJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122



Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Létt lifrarpýlsa



Meintar njósnir Rússa í Írak:

Krefst rannsóknar

BANDARÍKIN, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur farið fram á það við rússneskan starfsbróður sinn að rússnesk stjórnvöld rannsaki „af alvöru“ ásakanir um að rússneskir njósnarar hafi komið ítarlegum upplýsingum um hernaðaráætlanir Bandaríkjahers í Írak fyrir þremur árum til þáverandi ráðamanna í Bagdad.

Ásakanirnar eru þannig til komnar að í skjali úr fórum stjórnar Saddams Hussein, sem bandaríska varnarmálaráðuneytið birti fyrir skemmstu, er ýjað að téðri upplýsingamiðlun Rússa.



CONDOLEEZZA RICE Utanríkisráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmenn Rússlandsstjórnar segja ásakanir bandarískra yfirvalda tilhæfulausar. ■



BÆTA ÞARF INNRA STARF Ekki aðeins þarf ríkið að gera mun betur við Háskóla Íslands heldur þarf að breyta lögum og launakjörum opinberra starfsmanna til að hæfasta fólki sjái sér hag í að starfa í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

HÍ getur ekki keppt um fólk

HÍ getur ekki keppt um hæfasta fólkið við einkarekna háskóla þegar ekki eru heimildir til að greiða hærri laun en kjarasamningar ríkisstarfsmanna kveða á um. Þetta er mat Margrétar Björnsdóttur.

MENNAMÁL Gera þarf Háskóla Íslands auðveldara um vik að flytja fólk til í störfum innan skólans þegar það stendur sig ekki sem skyldi og um leið gera skólanum kleift að bjóða hæfasta fólkinu samkeppnishæf laun því ellegar leitar það annað.

Þetta er mat Margrétar S. Björnsdóttur, forstöðumanns við Háskóla Íslands, og segir hún allt að því ómögulegt fyrir skólann að stefna að því að komast í hóp bestu háskóla heims nema geta boðið hæfasta fólkinu hverju sinni laun sem eru betri en almennir kjarasamningar starfsmanna ríkisins kveða á um.

Margrét hefur víðtæka reynslu en hún hefur starfað innan HÍ í yfir tuttugu ár. Fer hún hörðum orðum um viðbrögð stjórnvalda sem varpa hvað eftir annað pólitískri ábyrgð yfir á stjórnendur HÍ til að mynda í hvert sinn sem



MARGRÉT S. BJÖRNSDÓTTIR

umræður um skólagjöld ná hámmáli og segir það lýsa hugleysi. En hún segir skólann einnig verða að líta sér nær. „Svo virðist sem í hvert sinn sem háskólayfirvöld hafa neyðst til að segja upp fólki þá hefur það það undantekningarlítið kost- að tímafrek og kostnaðarsöm kærúmal. Þetta ferli þarf að einfalda til muna

ef skólinn ætlar sér í fremstu röð því slíkan sveigjanleika verður hver skóli að hafa sem ætlar sér langt á sínu sviði.“

Hún bendir á að eitt aðal áhersluatriðið, sem hafi komið fram í sérstakri skýrslu sem alþjóðleg stofnun gerði um stöðu Háskóla Íslands og kynnt var í haust, hafi einmitt verið að hæfnin til að takast á við breytingar væri ófrávikjanleg krafa til nútíma háskólastofnana. Sú hæfni byggir meðal annars á nægu fjármagni, lagaramma sem styður markmið skólans og hvetjandi tengslum ríkisins við skólann.

Hvað innri markmið snertir sé hún sammála því sem kemur fram í umræddri úttekt að nauðsynlegt sé að skólinn setji sér skýrt markmið sem Kristín Ingólfssdóttir, rektor skólans, hafi nú sett. Áætlanir verði að vera skilvirkar og gæði verði að vera í öndvegi. Á þessu þurfi skólinn að taka betur en verið hefur. albert@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VILL Í FREMSTU RÖÐ

NISSAN PATHFINDER



ÆVINTÝRI LÍKASTUR

Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Þessi skemmtilegi jeppi er blanda af krafti alvöru fjallajappa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman er ævintýri líkust og hefur slegið eftirminnilega í gegn.

Littu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á Nissan Pathfinder er frá **4.070.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Glæsilegt
**fermingar-
tilboð**



Verð aðeins:
24.980 kr.

- Sony Ericsson W800i
- 2.0 megapixel myndavél
 - Walkman MP3 spilari
 - 512 MB minni
 - Íslensk valmynd



Verð aðeins:
11.980 kr.

- Samsung E330N
- 65.000 litaskjár
 - VGA myndavél
 - Vekjaraklukka, reiknivél, dagbók og margt fleira



Verð aðeins:
16.980 kr.

- Nokia 6101
- VGA myndavél
 - FM útvarp
 - Íslensk valmynd

Dæluna færðu hinsvegar ókeypis.

Dælan er einfalt smáforrit sem þú notar til að spila tónlist, dæla niður hringitónum og leikjum, fletta upp í orðabók, senda SMS á hópa og margt fleira. Láttu Dæluna ganga!

Þú færð Dæluna á siminn.is.

Grillaður kjúklingur um helgina



899 kr

Grillaður kjúklingur + 2 ltr. Coke

Gildir einnig með 2L Coke Light

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Breska lávarðadeildin lýkur nafnskírteinadeilu:

Fallist á máламиðlun

LUNDÚNUM, AP Þingmenn í lávarðadeild breska þingsins féllust síðla miðvikudags á máламиðlun í deilunni við ríkisstjórnina um innleiðingu nafnskírteina í Bretlandi.

Lávarðadeildin hafði alls fimm sinnum stöðvað framgang málsins eftir að neðri deild þingsins hafði samþykkt lagafrumvarp stjórnarinnar. Samkvæmt máламиðluninni munu allir breskir þegnar, sem sækja um vegabréf fyrir ársbyrjun 2010, geta kosið að sækja ekki um leið um nýja nafnskírteini en vera þess í stað skráðir í lokaðan gagnabanka.

Fram til þessa hafa breskir borgarar hvorki haft nafnnúmer né nafnskírteini en ríkisstjórnin



BRESKT NAFNSKÍRTEINI Breskir borgarar hafa fram til þessa ekki haft nafnskírteini.

telur nauðsynlegt að taka þau upp nú, ekki síst af öryggisástæðum á þessum síðustu og verstu hryðjuverkatímum.

- aa



NÝJA BRÚIN Verkið gengur samkvæmt áætlun og verður smíðinni lokið um miðjan júní eða í þann mund sem kylfingar fara að fjölmenna á vellina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vegaframkvæmdir við Korpu í Grafarvogi:

Ný brú við golfvöllinn

VEGAGERÐ Framkvæmdir við byggingu nýrrar brúar yfir Korpúlfsstaðaá ganga að óskum en brúin mun tengja Vesturlandsveg við byggðina í Grafarvogi þegar hún verður tilbúin.

Liggur hún þvert yfir golfvöllinn í Korpunni en framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur,

Margeir Vilhjálmsson, segir framkvæmdirnar ekki eiga að hafa nein áhrif á sumarið framundan. „Verklök eru áætluð í byrjun júní og við förum fljótlega að leggja göngustíg undir brúna sem tengir fyrstu braut og aðra og það ættu engir kylfingar að lenda í vandræðum vegna þessa.“

- aðe

Fyrir okkur hin...



Honey Nut Cheerios er fyrir okkur sem viljum meira. Eitthvað öðruvísi. Eitthvað sem veitir manni orku til að takast á við daginn á bragðgóðan hátt.

...sem viljum meira

SÚÐAN

50.000 heimilislausir Sívaxandi ofbeldi í Darfur-héraðinu í Súdan hefur hrakið um 50.000 manns frá heimilum sínum síðastliðna þrjá mánuði, að sögn alþjóðlegrar stofnunar í Sviss sem fylgist með fólksflutningum í heiminum. Aðallega er fólk að flýja átök milli uppreisnar- og stigamanna í Suður-Darfur. Talið er að um 180.000 Súdana hafi látið lífið í átökunum síðan 2003.

LEIÐRÉTTING

Í frétt um skoðanakönnun Fréttablaðsins á fylgi stjórnmálaflokka á landsvisu, sem birt var í blaðinu gær, var sagt að 5,6 prósent þátttakenda í könnuninni hefðu tekið afstöðu. Það er rangt. Hið rétta er að svarhlutfallið var 56,8 prósent. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú.

Enn deila unglæknar og Landspítali um hvíldarréttinn:

Neitað um hvíldardag

HEILBRIGÐISMÁL „Þeir fáu sviðsstjórar sem svarað hafa bréfum unglækna hafa neitað þeim um að taka út hvíldarrétt í dag,“ degir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna.



UNGLÆKNAR Tugir unglækna vinna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Allir unglæknarnir rituðu sviðsstjórum Landspítala - háskólasjúkrahúss bréf fyrir nokkru þar sem þeir óskuðu eftir að taka út hvíldarrétt í dag. Var þetta liður í áralangri baráttu unglæknanna fyrir lögboðnum hvíldartíma eða hvíld síðar, komi til skerðingar á honum.

Ágreiningur hefur staðið um túlkun á hvíldartímaákvæðinu milli Landspítalamanna og ung-

lækna, en hinir síðarnefndu telja sig eiga inni umtalsverðan uppsafnaðan hvíldartíma.

Læknafélag Íslands sendi forráðamönnum Landspítalans bréf á mánudaginn, þar sem hvíldartímamál þeirra er enn tekið til umfjöllunar.

Að sögn Bjarna Þórs eru Landspítalamenn sammála því að unglæknar eigi rétt á hvíldartíma. Þeir segi hins vegar að ef til skerðingar komi þá sé spítalanum ekki skylt að bæta það upp með því að gefa mönnum frí. Unglæknar eigi að nota eigin frítíma til að hvíla sig.

Félag unglækna hefur óskað eftir nánari skýringum á þessari röksemdafærslu.

- jss

www.flugfelag.is | 570 3400



Hvað kemst fraktin þín hratt?

Tíminn flýgur hratt og með Flugfrakt Flugfélags Íslands gefst þér kostur á að taka þér far með honum. Það er örugglega besta leiðin til að tryggja það að fraktin þín komist sem hraðast á áfangastað.

Sækjum, fljúgum og afhendum

Einn þáttur í starfsemi Flugfraktar Flugfélags Íslands er að bjóða upp á þá þjónustu að sækja fraktina til viðskiptavina, koma henni í flug og afhenda á áfangastað. Það gildir einu hvort um flutning á matvörum og öðrum viðkvæmum vörum er að ræða. Við leysum það með fullkomnum frysti- og kæligeymslum og höldum utan um allt ferlið með tölvuvæddu farmbréfakerfi.

Kynntu þér flutningaþjónustu okkar á www.flugfelag.is eða hafðu samband í síma 570 3400 og fáðu upplýsingar um hvernig við getum aukið forskot fyrirtækisins, með flutningum sem ganga hratt fyrir sig.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ÍSIA.ÍS FLU 31895 03/2006

2 fyrir 1 af kiljum

1.890



1.890



1.890



1.890



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

„ORÐRÉTT“

Rokkarnir hafa bagnað

„Þetta hrekur ekki margt af því sem ég hef sagt en ég ætla ekki að segja orðinu meira að sinni.“

VILHJÁLMUR BJARNASON KENNARI UM NIÐURSTÖÐU RÍKISENDURSKOÐUNAR Í STÓRA EGLUMÁLINU. FRÉTTABLAÐIÐ.

Moggann á þing

„Morgunblaðið hefur ávallt haldið því fram að Bygðastofnun væri óþörf.“

LEIÐARI MOGGANS UM BYGGÐASTOFNUN OG FLEIRI RÍKISSTOFNANIR.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐLEIFUR EINARSSON HÚSKARL Á BREKKU Í MJÓAFIRÐI

Mátti þola ellefu læknamistösk

„Það er allt ágætt að fréttu nema hvað það er orðið snjópungt hérna í Mjóafirði,“ segir Guðleifur Einarsson, húskarl á Brekku. „Annars er ég nýkominn að sunnan. Ég var hjá lækni á Akranesi og þurfti líka að endurnýja ökuskipteinið. Þó ég sé 75 prósent öryrki þá er ég að reyna að gera upp Massey Ferguson traktor. Þetta er líklegast önnur vélin sem kom hingað í Mjóafirði. En þetta getur reynst manni eflitt sem hefur mátt þola ellefu læknamistösk og ofan á allt lenti ég í því að einhver þrjúturinn keyrði aftan á mig á Holtavörðuhéiði í fyrravor. Sá kom svo að mér í klesstum bílnum og þegar hann gat ekki



opnað hjá mér hurðina hvarf hann á braut, þrjúturinn sá. En ég lét lögguna í Borgarfirði víta og þeir höfðu hendur í hári hans.“

Eins og lesendur eflaust muna var tilkynnt fyrir skemmstu að Sæsilfur sem er með fiskeldi í Mjóafirði ætlaði að leggja alla starfsemi þar niður. „Menn bera sig samt vel, það er ekkert annað hægt,“ segir Guðleifur. „Þetta er náttúrulega ekkert auðvelt fyrir fólkíð en það gengur svona. Hins vegar list mér ekkert á sameininguna sem fyrirhuguð er við Fjarðabyggð. Svo þykir mér það sneypa að Árni Magnússon skuli ekki standa sína plikt og búa þannig um hnútana að Jón Kristjánsson getur ekki gert það heldur. Það virðist enginn geta skilað sínu verki nokkur staðar.“

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL

DRYKKJUKEPPNIR



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR matvælafræðingur og varaborgarfulltrúi

Grafalvarlegt

„Þetta er ekki gott innlegg í drykkju-menningu Íslendinga,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, matvælafræðingur og varaborgarfulltrúi, um drykkjukeppnina sem haldin var á veitingastaðnum Barnum á Sauðárkróki um síðustu helgi. Þrjú keppendur enduðu á sjúkrahúsi með áfengiseitrun. Sigrún Elsa segir að þó landsmenn séu miklir keppismenn að upplagi eigi þeir alls ekki að keppa í drykkju. „Fólk hefur hreinlega dáðið úr áfengiseitrun í kjölfar svona keppna, hvort sem um er að ræða formlegar keppnir eða meting á milli fólks. Þannig að þetta er grafalvarlegt mál,“ segir Sigrún Elsa.

Mynd af Stanley á vegg í ráðuneytinu

Ísafirðingarnir Guðmundur Guðmundsson og Jón Páll Halldórsson afhentu í gær Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra mynd af fyrsta íslenska vélbátinum. Þeir segja vélvæðingu bátaflotans einhver merkustu tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar.

Vélbáturinn Stanley frá Ísafirði var í eigu Árna Gíslasonar og Sophusar J. Nielsen. Þetta var sexæringur og í engu frábrugðinn fjölda annarra slíkra báta. Tvímenningarnir voru hins vegar frábrugðnir öðrum útgerðarmönnum því af einstakri framsýni réðust þeir í kaup á danski tveggja hestafla Möllerup vél og settu í bátinn. Stanley var fyrst siglt fyrir vélarafli á Pollinum á Ísafirði 25. nóvember 1902 og fjórum dögum síðar hélt hann í sína fyrstu veiðiferð.

Guðmundur Guðmundsson og Jón Páll Halldórsson fengust um



STANLEY FRÁ ÍSAFIRÐI Jón Páll Halldórsson, Einar K. Guðfinnsson og Guðmundur Guðmundsson í sjávarútvegsráðuneytinu í gær. Stanley var fyrsti íslenski vélbáturinn en eigendur hans, Árni Gíslason og Sophus J. Nielsen, sigldu honum fyrst fyrir vélarafli í nóvember 1902.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

árabil við útgerð frá Ísafirði og er annnt um sögu bæjarins og atvinnuhátta. Þeir hafa starfað í Sögufélagi Ísafirðinga þar sem Jón Páll gegndi lengi formennsku. Í gær tóku þeir hús á Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra og færðu honum ljósmynd af málverki Sigurðar Guðjónssonar af Stanley en það er varðveitt á Listasafni Ísafjarðar.

„Það voru einhvern merkustu tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar þegar sjómaðurinn losnaði undan árinni og vélaraflið tók við,“ segir Jón Páll og bætir við að ungu fólki hafi gleymst hvaða tímamótum þetta olli í harðri lífsbaráttunni á

Íslandi.

Útgerð Stanleys gekk vel og þó margir hafi í fyrstu haft efasemdir um að nokkurt vit væri í að setja vél í bátinn sigldu aðrir útgerðarmenn fljótlega í kjölfarið. „Þetta gekk frábærlega vel. Byltingin var slík að bátaútvegurinn var vélvæddur á næstu tíu árum. Íslendingar hurfu frá árinni í útgerð vélbáta og síðan hafa þær þróast og stækkað eins og annað.“

Vélvæðing útgerðarinnar hafði ekki aðeins áhrif til sjávar heldur gætti þeirra einnig í sveitum landsins. Og ekki tóku allir þróuninni fagnandi. Jón Páll segir að fram á

20. öldina hafi útgerðin verið fyrst og fremst í höndum bænda. „Bændurnir reru með sínum húskörlum og kaupamönnum og þannig vildu ýmsir hafa það áfram. Þetta var upphafið að hnignun landbúnaðarins og veldi sveitanna. Með þessu hófst atvinnubylting, sveitirnar fóru að dragast saman því sveitahemilinn höfðu ekki sömu tekjur og áður. Fólk þyrptist því til þorpanna.“

Eins og við var að búast tók Einar K. Guðfinnsson vel á móti Guðmundi og Jóni Páli og þakkaði fyrir myndina. Henni verður væntanlega fundinn góður staður í ráðuneytinu.

bjorn@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

HREINN HLÍFAR GOTTSKÁLKSSON
DÆMDUR Í EINS ÁRS FANGELSI

NAUÐGAFI
AFENGISDAUÐRI
NEKTARDANSMEY

– VANN Á VEGAS EN FLUÐI ÚT
Á LAND EFTIR NAUÐGUNINA
– „ÞETTA ER LOKSINS BÚIÐ,“
SEGIR FÓRNARLAMBÍÐ
– „HVER EINSTA FRUMA Í MÉR
ER SAKLAUS,“ SEGIR HREINN



Iðnnemar reyna með sér í greinum sínum

Hamrar, skráfjárn, tangir, penslar, spaðar og skæri verða mundað í Kringlunni í dag þegar Íslandsmót iðnnema fer fram. Keppt verður í níu greinum; málmsmíði, rafvirkjun, trésmíði, málun, múrverki, dúklagningu, pípulagningu, snyrtifræði og hársnyrtingu og er viðbúið að keppni verði hörð í öllum greinum.

72 keppendur frá ellefu skólum taka þátt.

Íslandsmót iðnnema er haldið samhliða Degi iðn- og starfsmenntunar en með honum er ætlunin að kynna iðn- og starfsmenntun fyrir ungu fólki, vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í greinum og bæta mynd þeirra.

Pípulögn er ein greinanna sem keppt verður í og þurfa keppendur að sjóða, pressa og beygja rör eftir kúnstarinnar reglum. Sigurvegarnir verður fulltrúi Íslands á Norðurlandameistaramótinu í



ÍSLANDSMEISTARI Í PÍPULÖGNUM Tómas Helgason sigraði á síðasta Íslandsmóti. Hver vinnur nú?

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

pípulögnum sem fram fer í Svíþjóð á næsta ári. Norðurlandameistaramótið var haldið á Íslandi í fyrra og var íslenski keppandinn Tómas Helgason aðeins fimm mínútum frá sigri.

Keppnin hefst snemma morguns í Kringlunni í dag og lýkur seinni partinn með verðlaunaafhendingu.

Bækur á 100 til 300 krónur

„Hér verður allt mögulegt á boðstólum; ævisögur, skáldsögur, sjálfshjálparbækur og heimspeki. Bara allur pakkinn,“ segir Bragi Kristjánsson, bóksali í Bókinni, sem í dag opnar bókamarkað á Hverfisgötu 34 í Reykjavík, gegnt höfuðstöðvum Framsóknarflokksins. Þyngjan ætti ekki að léttast mjög þó viðskiptavinir gangi út með góðan slatta af bókum því stykkið kostar frá eitt hundrað og upp í þrjú hundruð krónur.

Bragi segir að þrátt fyrir þetta lága verð séu bækurnar almennt góðar. „Það er hægt að fá ágætis bækur á hundrað kall,“ segir hann.

Fjöldi eintaka á markaðnum hleypur á tugþúsundum og veða bækurnar samanlagt mörg tonn. -þþ



BRAGI KRISTJÁNSSON

við framleiðum:

einbýlishús
parhús
sumarhús

www.nytthus.is



allt í matinn á einum stað

verið velkomin



40%
afsláttur við kassa
Merkt verð 1724 kr/kg
Gourmet grísahnakasneiðar BBQ



tilbúinn í ofninn

40%
afsláttur við kassa
Merkt verð 699 kr/kg
Matfugl heill kryddaður kjúklingur



Humarveisla

499 kr.pk.
Humar500g.



30%
afsláttur við kassa
Merkt verð 1639 kr/kg
London lamb

Raftæki fyrir fermingarnar



ótrúleg verð á gæðavörum

22.900 kr.stk.
United sjónvarp m/DVD spilara 21"



ótrúleg verð á gæðavörum

990 kr.stk.
Sléttujárn



ótrúleg verð á gæðavörum

990 kr.stk.
Hárblásari



ótrúleg verð á gæðavörum

990 kr.stk.
Krullujárn



ótrúleg verð á gæðavörum

990 kr.stk.
Krullubursti

allt í matinn á einum stað


www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 31. mars til 2. apríl eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

Svona erum við

> Magn úrgangs sem berst á sorphauga.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ÁFENGISEITRUN

Getur valdið öndunarstoppi

Ungmenn á Sauðárkróki efndu til drykkjukeppni um síðustu helgi með þeim afleiðingum að flytja þurfti þrjú þeirra á sjúkrahús með áfengiseitrun. Einn af þeim sem lentu á spítala vegna áfengisneyslnnar þurfti að dvelja undir eftirliti læknis yfir nótt en hinir tveir fengu að fara heim þegar tók að brá af þeim.

Hvað er áfengi?

Etanól eða alkóhól er vökvi sem blandast vatni í öllum hlutföllum. Vatnsblanda etanóls er stundum nefnd spritt. Sterkt spritt er um það bil 96 prósent etanól í vatni. Etanól er oftast notað í vatnslausn, blandað ýmsum öðrum efnum, svo sem litarefnum og bragðefnum. Ef styrkur etanóls í slíkum blöndum er umfram 2,25 prósent að rúmmáli telst vökvinn áfengi.

Hvað er áfengiseitrun?

„Áfengi er efni sem slævir miðtaugakerfið,“ segir Bjarni Össurason, læknir á vímuefnadeild Landspítala - háskóla-

sjúkrahúss. „Slævingin fer eftir því hversu mikið áfengismagn er í blóðinu. Ef fólk drekkur sterkt áfengi og innbyrðir það á skömmum tíma getur það leitt til þess að fólk missi meðvitund. Svo mikil slæving hefur einnig áhrif á öndunarstöðvarnar, svo og hjarta- og æðakerfið. Ástandið getur endað með því að fólk lendir í dái og fær öndunarstoppi.“

Hver eru helstu einkenni?

„Einkenni eru hæg og lítil öndun,“ segir Bjarni. „Þá getur orðið blámi á húð, lágur blóðþrýstingur og veikur púls. Ekki er hægt að ná neinu sambandi við viðkomandi. Helsta meðferð er að tryggja að öndunarvegi sé haldið opnum með því að leggja viðkomandi í rétta stellingu. Þá þarf að koma henni eða honum undir læknishendur hið fyrsta, en hann veitir stuðningsmeðferð meðan líkaminn er að brjóta áfengið niður.“

Einnig heimild: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum



SPURT & SVARAÐ

FRÍÐHELGI EINKALÍFS

Ólögleg myndataka

Í vikunni féll dómur í héraðsdómi um mál sem Bubbi Morthens höfðaði gegn Hér og nú og var úrskurðað meðal annars að óheimilt hefði verið að taka myndir af honum þar sem hann sat í bil sínum. Dómnum hefur verið áfrýjað og líklegt að umræða muni skapast um heimildir fjölmiðla til myndatöku og myndbirtinga í kjölfarið. Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að engin lagaskilgreining sé til um hvenær óheimilt sé að taka myndir af einstaklingum og birta en vildi ekki tjá sig um dóminn sjálfan.



SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR Forstjóri Persónuverndar.

Hver er þín afstaða til myndbirtinga?

Ég tel almennt að þó að manneskja sé opinber persóna eigi hún að njóta réttar til einkalífs og hún missi ekki þau grundvallarmannréttindi sem við hin höfum þótt hún sé þekkt í samfélaginu. Ekki megi fara lengra inn á hennar einkalíf en nauðsyn krefji vegna máls sem varði hagsmuni almennings.

Er þörf á skýrri lagaskilgreiningu?

Ég hef ekki skoðun á því en tel að umræða muni skapast núna um hvort þörf sé fyrir slíkar reglur og líklegt að málið verði tekið upp á þingi. Persónuvernd mun ekki kalla eftir skýrari lagaskilgreiningu en ég tel að fjölmiðlar muni tvímælalaust gera það.



LÍÐSMENN VARNARLIÐSINS VIÐ VINNU Fjölmarir Íslendingar hafa beina hagsmuni af veru Varnarliðsins hér á landi. Viðræðunefndir íslenskra og bandarískra stjórnvalda hittast í dag til þess að ræða um framtíð varnarmála á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Þörf á viðunandi lausn

Óljóst er hvernig varnarmálum á Íslandi verður háttáð eftir að bandarísk stjórnvöld tilkynntu um brotthvarf Varnarliðsins frá Íslandi á haustmánuðum. Fundur um varnarsamstarf bandarískra og íslenskra stjórnvalda fer fram í dag.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Forsætisráðherra fundaði með starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli vegna stöðu atvinnu- og kjölfar ákvörðunar Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Síðan aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Nicholas Burns, tilkynnti Geir H. Haarde utanríkisráðherra það símleidis að bandarísk stjórnvöld hygðust draga stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers hér á landi í haust hefur umræða um varnar- og utanríkismál í víðu samhengi verið í brennidepli.

Einhliða ákvörðun bandarískra stjórnvalda um för Varnarliðsins olli fjaðrafoki hér á landi, ekki einungis hjá íslenskum stjórnvöldum heldur ekki síst hjá íslenskum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli, því um leið og ákvörðunin um brotthvarf Varnarliðsins lá fyrir var ljóst að störf meira en 600 Íslendinga á svæði Varnarliðsins voru í hættu. Starfsemi Varnarliðsins hefur verið helsta lífæð atvinnulífs á Suðurnesjum um áratugaskeið og því hafa heimamenn á Suðurnesjum haft af því miklar áhyggjur að niðurstaða varnarviðræðna í kjölfar ákvörðunar bandarískra stjórnvalda minnki slagkraft í atvinnulífinu á Suðurnesjum til mikilla muna. Störfin á Vellinum eru aðeins hluti þeirra starfa sem leggjast af við brotthvarf Varnarliðsins. Þjónusta við Varnarliðið, sem fyrirtæki á Suðurnesjum hafa sinnt, snarminnkar og í versta falli leggst hún af.

Endurskipulagning Bandaríkjahers legið fyrir í fimm ár

Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, boðaði fyrir rúmlega fimm árum mikla endurskipulagningu á Bandaríkjaher sem hafði það að markmiði að efla starfsemi hersins á svæðum þar sem mest not væru fyrir hann á hverjum tíma. Auk þess voru tilögur hans um breytingar til þess

ætlaðar að nútímavæða herinn í takt við breytt landslag í alþjóðamálum. Þannig hefur Bandaríkjaher eflt starfsemi sína í Mið-Austurlöndum og Austur-Evrópu þar sem stutt er á líklega vígvelli.

Þessar breytingar hafa komið til framkvæmda í stórum skrefum víða í Evrópu á síðustu árum.

Brotthvarf Varnarliðsins frá Íslandi er hluti af endurskipulagningu Bandaríkjahers. Stjórnvöld hér á landi hafa verið gagnrýnd fyrir að bregðast ekki við boðuðum skipulagsbreytingum bandaríska stjórnvalda með kröftugri hætti, vegna þeirra miklu hagsmuna sem íslenskt samfélag hefur af veru Varnarliðsins hér á landi.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni verður ekki framhjá því horft að íslensk stjórnvöld hafa reynt eftir fremsta megni að telja bandarískum stjórnvöldum trú um að nauðsynlegt sé að halda uppi vörnum hér á landi, enda sé í gildi varnarsamningur milli landanna frá árinu 1951, þar sem bandarísk stjórnvöld skuldbindi sig til þess að halda uppi vörnum á Íslandi.

Eigum við samleið með Bandaríkjaher?

Utanríkisstefna bandaríska stjórnvalda hefur gjörbreyst frá því George W. Bush varð forseti Bandaríkjanna. Herinn hefur markvisst verið eflur með stóru auknum fjárfrahlögum og þá hefur umdeildur stríðsrekstur í Írak valdið titringi meðal almennings í Bandaríkjunum og ekki síður í Evrópu.

Þær raddir hafa því orðið æ háværi að undanförunu að íslensk stjórnvöld eigi á þessum tímamótum að horfa til Evrópu og hefja samstarf við þjóðir sem meiri samleið eigi með Íslendingum í utanríkismálum. Þannig hefur fyrrverandi sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, Jón Baldvin Hannibalsson, sagt hernaðarstefnu bandarískra stjórnvalda í utanríkismálum „gefa lítið tilefni til samstarfs við aðrar þjóðir“.

Norski varnarmálasérfræðingurinn John Berg sagði í viðtali við Fréttablaðið að framtíðarlausn Íslands í varnarmálum gæti falist í samvinnu við Noreg, hugsanlega með liðsinni Dana innan Atlantshafsbandalagsins.

Þetta gefur vísbendingar um að breytt landslag í alþjóðamálum kalli á gagnera endurskoðun á því hvernig mögulegt sé að tryggja öryggi Íslands, í takt við breyttan veruleika í varnarmálum. Hugsanlegt er að öryggi íslenskra borgara sé best tryggt með auknu samstarfi við nágrannaríki okkar í Skandinavíu eða vinnuþjóðir í Evrópu.

Hagur Íslands verði hafður að leiðarljósi

Íslendingar allir, og ekki síst íbúar á Suðurnesjum, gera þá kröfu til samningarnefndar íslenskra stjórnvalda um varnarmál, sem í dag fundar með sérstakri sendinefnd bandarískra stjórnvalda, að hún hafi það að markmiði að hagur Íslands verði sem best tryggður í niðurstöðum viðræðnanna. Þetta hefur komið fram í máli manna sem hafa beina hagsmuni af veru Varnarliðsins hér á landi. Hvort sem niðurstaðan verður sú að Bandaríkjamennt slíti alveg samstarfi við íslensk stjórnvöld, eða að ákveðið verði að leita nýrra leiða í varnarmálum, er það eðlileg krafa að skoðinn sem hlýst af brotthvarfi Varnarliðsins verði lágmarkaður.




FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

HAMBORGAR-HRYGGUR VEISLA Á BRAUÐIÐ





GÓÐ HUGMYND
FRÁ ÍSLANDI




LIPURÐ

Fimm gangtegundir í bland við seiglu og lipurð er góð hugmynd sem nær fótfestu hvar sem er. Við hjá Icelandair leggjum þannig áherslu á fjölbreytileika í starfsemi okkar, hæfni til að geta brugðist vel við mismunandi óskum við ólíkar aðstæður, áherslu á traust og sveigjanleika. Saman náum við settu marki.



WWW.ICELANDAIR.IS



landslag

fólkið í landinu

KENNILEITI STAÐARINS: LAXDALSHÚS Í INNBÆNUM

Elsta húsið á Akureyri

Laxdalshús er elsta húsið á Akureyri sem enn stendur en húsið heitir eftir Eggerti Laxdal, sem var verslunarstjóri á Akureyri í tæpa þrjú áratugi og síðar kaupmaður. Húsið var reist sem íbúðarhús árið 1795 og hýsti starfsmenn Kyhnsverslunar. Auk íbúðar faktors voru tvær stofur í norðurenda hússins en í syðri endanum voru tvö herbergi sem ætluð voru verslunarþjóni og beyki. Eldhús og búr voru fyrir miðju húsinu.

Akureyrarbær eignaðist Laxdalshús árið 1942. Árið 1978 var húsið friðað og endurbyggt í kjölfarið en þeim framkvæmdum lauk árið 1984.

Við Laxdalshús stóð á sínum tíma fornt reynitré sem talið var að spröttið væri af sögufrægri reynihríslu í Möðrufellshrauni. Þjóðsagan segir að systkin hafi verið tekin af lífi fyrir blóðskömm sem þau sögðust saklaus



LAXDALSHÚS Húsið er kennt við kaupmanninn Eggert Laxdal en um aldamótin 1900 hóf hann sjálfstæðan atvinnurekstur og byggði þá Hafnarstræti 92; húsið þar sem Bautinn er nú.


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

af. Á aftökustaðnum báðu þau Guð um að sanna sakleysi þeirra og upp úr blóði þeirra, í Möðrufellshrauni, óx reynihríslan.

Tréð féll fyrir aldursakir um 1920 en á rótum þess óx nýtt og myndarlegt reynitré sem ónýttist þegar húsið var endurbyggt.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Íbúafjöldi 1786: 12
Íbúafjöldi 1835: 56
Íbúafjöldi 1876: 318
Íbúafjöldi 1895: 375
Íbúafjöldi 2005: 399

Gróður í innbænum:

Akureyrin byggðist upp sem danskt verslunarpláss og mikilfenglegi trjágróðurinn í innbænum er dönsk arfleidd. Danskir kaupmenn voru ötulir við skógrækt og stunduðu einnig fyrstir Akureyriinga ýmsa aðra ræktun sem Íslendingum var lítt kunn á þeim tíma.

Eldsvoði:

Fyrsti stórbrunninn á Akureyri varð árið 1901 en þá brunnu til kaldra kola sjö hús og annar eins fjöldi stórskemmdist.

Þorpið í bænum

Þungbúnir en úrkomulitlir skýjabólstrar voka lágt yfir Eyjafirði utanverðum þegar fjórðungur einmánaðar er að baki. Það er kafald um norðanvert landið eftir uppstyttilitla ofankomu undangenginna daga og þrátt fyrir sleitulausan snjósmokstur er þæfingsfærð á götum Akureyrar. Kristján J. Kristjánsson er á leiðinni í innbæinn í leit að uppruna byggðar á Akureyri; eyrinni sem ekki fyrirfinnst lengur.

Akureyrin varð til við framburð Búðarlækjarins í Búðargili. Nafnið er að líkindum dregið af kornakri uppi af gilinu en á huldu er hver plægði og sáði í þann akur. Verslunin Brynja, þar sem hinn landsfrægi Brynjúis er seldur, stendur á miðri Akureyri eins og hún leit út fyrir tíma landfyllingna.

Fáir ef nokkrir þekkja betur til byggðasögu Akureyrar en Jón Hjaltason sagnfræðingur, en hann vinnur nú að ritun fimmta bindis af Sögu Akureyrar. Hann segir að í árdaga hafi fimm eyrar skagað út í Pollinn, sjóinn framan við kaupstaðinn, en þær séu nú allar horfnar nema sú nyrsta og stærsta, Oddeyrin. „Eyrarnar urðu dugnaði Akureyriinga við að nema land af sjónum að bráð en flest húsanna sem nú eru við sjávarsíðuna standa á landfyllingum,“ segir Jón og augljóst að hann sér á eftir sjónum. „Hin fornu tengsl gömlu húsanna og hafsins voru rofin og þar sem í eina tíð var brattur sjávar kambur er nú brekka í miðjum inn- og miðbænum.“

Líkt og Seltjarnarnesið hans Þórbergs var Akureyrin bæði lítil og lág; um átján fet yfir sjávarmáli



Á SÖGUSLÓÐUM Jón Hjaltason sagnfræðingur í miðju Búðargili. Akureyri varð til við framburð lækjarins í gilinu en neðan Búðargils stóðu búðirnar sem gilið er kennt við.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

þar sem hún reis hæst. „Skjólgt skipalægi var við eyrina og mikið aðdýpi sem gerði stærstu skipum kleift að liggja við festar skammt undan eyrinni. Því risu fyrstu húsin á Akureyri en ekki Oddeyri, sem þó hafði ýmsa búsetukosti fram yfir Akureyri,“ segir Jón.

Lostinn kom Akureyriingum á kortið

Akureyrar er hvergi getið í opinberum skjölum fyrr en árið 1562 og engar skráðar heimildir eru til um mannast á eyrinni fyrr en upp úr miðri sextánda öld. Fyrsta heimildin sem sýnir fram á tilvist Akureyrar svo óbyggjandi sé er dómur sem kveðinn var upp árið 1562. Guðrúnu Þorleifsdóttur var þá gefið að sök að hafa legið með Jóni nokkrum Þorfinnssyni og voru uppi getgátur um að hann væri

bróðir fyrrverandi eiginmanns Guðrúnar, sem þá var látinn. Þau Jón og Guðrún höfðu ekki verið gefin saman og því voru atlot þeirra illa þokkuð af yfirvaldinu.

Jón segir að fasta búsetu og byggð á Akureyri megi rekja til siglinga og verslunar en skjalfest saga verslunarstaðarins á Akureyri hefst með dönsku einokunarversluninni. Lengi vel var einungis ein verslun á eyrinni og verslunarhúsin mannlau og læst yfir vetrarmánuðina.

Byrjað að byggja 1777

„Vöxtur danska verslunarþorpsins á Akureyri var hægur framan af. Framkvæmdir við fyrsta íbúðarhúsið hófust árið 1777 og lauk verkinu árið eftir. Árið 1786 höfðu einungis tólf manns fasta búsetu á Eyri og árið 1835 voru íbúar

eyrinnar 56 talsins í fjórtán húsum,“ segir Jón.

Á næstu árum fjölgaði Akureyriingum nokkuð hratt og Sveinn Skúlason segir í Norðra árið 1857 að nær fjórtíu íbúðarhús séu á Akureyri og í þeim búi þrjú hundruð manns. Skipulagsmálin voru þá, sem nú, mikið í umræðunni. „Bærinn er fæddur á afturfótunum, húsin snúa þvert og endilangt, rétt eins og hverjum datt þá í hug að byggja, en nú höfum vér fengið byggingarnefnd sem mun því öllu vel til vegar koma.“

Árið 1864 þótti sumum bæjarbúum hraðinn í umferðinni full mikill og lagði Stefán Oddsson Thorarsonen bæjarfógeti blátt bann við þeysireið um götur bæjarins. Í lögreglusamþykkt frá 1891 segir að ekki megi ríða hraðar en á brokki um göturnar og tveir menn hið



FRÉTTABLAÐIÐ

— smáauglýsingar sem allir sjá

Maður gerir ekki neitt fyrir neinn

SKO



AKUREYRARKIRKJA Í VETRARBÚNINGI
Mikil snjór setur svip sinn á bæinn um þessar mundir.

Virðuleg hús



AÐALSTRÆTI 62 Hallgrímur Kristjánsson gullsmiður reisti húsið um 1850. Er það á meðal elstu húsa á Akureyri og eitt fárra sem tekið hafa litlum breytingum í tímanum.



AÐALSTRÆTI 16 OG GAMLI SPÍTALINN
FJÆR Sigtryggur Jónsson timburmeistari reisti þetta glæsilega hús með súlnagangi með austurhlíðinni aldamótaárið 1900. Lokið var við að byggja Gamla spítalann upp úr miðjum fjórða áratug nítjándu aldar en talið er að húsið sé fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið sem reist var á Íslandi.



AÐALSTRÆTI 42 Sigurður Sigurðsson trésmiður reisti húsið um 1850.

minnsta skuli fylgja hverju nauti sem teymt sé um götur.

Aldamótaárið 1900 var búið að gefa öllum götum bæjarins nöfn; merkja þær á götuhornum og setja númer á hús eins og enn tíðkast. Göturnar Aðalstræti og Hafnarstræti voru þá komnar á bæjar-kortið og við þær standa enn í dag mörg reisuleg og tíguleg íbúðar-hús sem reist voru þegar Akureyri var enn til. ■

Betra verð.....

 Heilir Tómatar 400g kr 39.-	 Hakkaðir Tómatar 400g kr 39.-	 Majones 500g kr 98.-	 Thai sweet chili 1200g kr 149.-
 Sýrsæt Sósa 500g kr 98.-	 Chili sósa 500g kr 98.-	 Rapsolía 2L kr 198.-	 Tómatpurré 200g kr 39.-
 Kornolía 1L kr 129.-	 Rapsolía 1L kr 129.-	 Sólblómaolía 1L kr 129.-	 Eplaedik 1L kr 149.-

BÓNUS

býður betur

býður betur

S.KO

sem gerir ekki neitt fyrir neinn.

Ótrúlegt verð

Fermingargjafir í úrvali í



1.990_{kr}

Melissa sléttujárn

- Einfalt og gott sléttujárn með keramik-plötum og hitastilli
- 80-230°C



3.990_{kr}

Philips hársnyrtiset 8 í einu - Allt fyrir hárið!

Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöflluujárn og slöngulokkar



4.490_{kr}

Philips krullujárn

- Keramik krullujárn
- LCD skjár
- 7 hitastillingar (100-160°C)
- 2,2 m snúra



3.990_{kr}

Philips sléttujárn

Vandað keramik sléttujárn

- Keramik húð
- Professional styling temperature
- Aðeins 30 sek. að hitna
- 6 hitastillingar



1.690_{kr}

Melissa hárbلاسari

- 2 hraðastillingar
- 2 auka fylgja
- Litur: grár/silfur



5.990_{kr}

Philips sléttujárn

Sléttujárn með löngum keramikplötum

- LCD skjár sem sýnir nákvæmt hitastig sléttujárnsins
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 17 mismunandi hitastillingar á milli 80° - 160°
- Einungis 30 sekúndur að hitna upp í 100°



2.990_{kr}

Philips hárbلاسari

1900w öflugur hárbلاسari með 3 hita- og hraðastillingum, köldu lofti og viðbótarhaus fylgir



TILBOÐ
4.990_{kr}

Verð áður 7.990,-

Philips rakvél

- Svört
- Micro+ action hnifar
- 30 mín hleðsla
- Kambar með sjálfstæðri fjöðrun
- Tekur 8 klst. að hlaða
- Bartskeri



5.490_{kr}

Philips hárbلاسari

- 1800w öflugur hárbلاسari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 6 hita- og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti
- Viðbótarhaus f. viðkvæmt hár
- 3 m snúra



4.990_{kr}

Philips hárbلاسari

- 2000w öflugur hárbلاسari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 3 hita- og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti
- Viðbótarhaus f. viðkvæmt hár
- 2 m snúra

á raftækjum

Hagkaupum Smáralind, Kringlu og markaði Hagkaupa Akureyri

Olympus digital myndavél 6 MegaPixel

- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 5,8 - 17,4mm (35 mm samb.: 35 - 105 mm)
- 2,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Átta myndstærðir
- 23 picture Modes
- Auto Flash, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Innbyggt 8 mb minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir



21.990 kr

Casio digital myndavél 6 MegaPixel

- Stafræn Myndavél með 6 milljón punkta upplausn
- Ótrúlega lítil og nett
- BESTSHOT
- Anti Shake DSP - hristivörn
- Super Life rafhlada sem endist 550 myndir
- 2,7" LCD skjár (uppl: 640x240)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6,2 - 18,6 mm (35 mm samb.: 38 - 114 mm)
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 10,2 Mbit/sek - 30 fps)
- 8,3mb innra minni og rauf fyrir SD kort
- Vagga fyrir hleðslu og hugbúnaður fylgir



29.990 kr

Sandisk Sensea 2GB 2GB Sanda e200 MP3 spilari

- 1,8" LCD litaskjár
- Spilar MP3 og WMA
- Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir
- Sterkbyggt hylki sem þolir högg og rispúr
- Auðveldur í notkun
- Hægt að skipta um hleðslurafhlöðu
- Endist í 20 tíma á einni hleðslu microSD kortalesari
- Stafrænn FM móttakari
- Innbyggður diktafónn
- Hálsól, heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgir



21.990 kr

United 21" sjónvarp

- 21" flatur Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49



TILBOÐ
18.990 kr
Verð áður 24.990,-

Philips 15" LCD sjónvarp 15" 4:3 LCD sjónvarp

- Upplausn: 1024x768 punktar
- Crystal Clear og Progressive Scan
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 130/100° og birtustig: 450 cd/m2
- Active Control - Minnkar glampa
- 8w Nicam Stereo með Dolby Virtual Surround
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-D tengi (styður VGA, SVGA og XGA)
- Textavarp með 10 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (hxbxd): 47,2x30,8x7,7
- Þyngd: 5 kg



47.990 kr



Philips heimabíósett Fyrirferðarlítið og nett heimabíósett

- 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnari • Fjölkerfa DVD spilari • 5 litlir hátalarar og bassabox • 4x Video Upsampling • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x og XviD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II • FM útvarp með stöðvaminnum
- Fjarstýring

22.990 kr

United DVD spilari

- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • DolbyDigital og DTS • Scart, CVBS og heyrnartólstengi • Digital Optical og Coaxial tengi • NTSC afspilun yfir í PAL • Fjarstýring



4.990 kr

TILBOÐ
89.990 kr
Verð áður 139.990,-



United 27" LCD sjónvarp

- 27" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn 1280x768 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 600:1 og birta: 550 cd/m2
- Svartími: 16ms og sjónsvið (H/V): 170°/170°
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x7w Nicam Stereo hljóðkerfi með SRS Surround
- 2 Scart, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-D og VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 80,8x44,5x10

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.806 -3,06% Fjöldi viðskipta: 358
Velta: 12.355 milljónir

MESTA HÆKKUN

Alfesca +0,25%
Avion +0,25%

MESTA LÆKKUN

Landsbankinn -5,51%
KB banki -3,72%
FL Group -2,70%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 59,70 -1,32% ... Alfesca 4,00 +0,25% ... Atorka 6,00 -0,83% ... Bakkavör 50,80 -2,68% ... Dagsbrún 6,83 -0,87% ... FL Group 21,60 -2,70% ... Flaga 3,11 +0,00% ... Glitnir 17,70 -2,21% ... KB banki 802,00 -3,84% ... Kögun 74,90 +0,00% ... Landsbankinn 24,30 -4,33% ... Marel 73,60 -0,41% ... Mosaic Fashions 17,30 -1,71% ... Straumur-Burðarás 17,10 -1,72% ... Össur 113,00 -1,31% Klukkan 14.00 í gær.

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Ást á rauðu ljósi

Den Danske bank, sem hefur ráðlagt viðskiptavinum sínum að forðast íslensk verðbréf eins og heitan eldinn, er á góðri leið að verða óvinsælasta erlenda fyrirtækið í augum Íslendinga síðan Norsk Hydro gaf skit í álvorsdrauma Austfirðinga. Margir vita það hins vegar ekki að Den Danske bank er einn stærsti erlendi fjárfestirinn í Kauphöll Íslands. Bankinn er meðal stærstu hluthafa í Actavis, Icelandic Group og Nýherja og er til dæmis tíundi stærsti eigandinn í Actavis. Nemur markaðsvirði bréffanna í Actavis um 2,3 milljörðum króna en eignarhlutirnir í Icelandic og Nýherja eru minni.



Birtingarmyndir hitans í hagkerfinu

Seðlabankinn kynnti forsendur ákvörðunar sinnar um hækkun stýrivaxta. Hitinn í hagkerfinu er sem fyrr það sem mótur ákvörðun bankans. Davíð Oddsson kynnti rökstuðning bankans af miklum myndugleik og hefur fóttað sig ákaflega vel í nýju starfi. Glærum til skýringar var varpað upp á vegg á kynningu bankans og brá svo við að vel var greinanlegt á glærunum hitaupstreymi frá myndvarpanum sem notaður var á kynningarfundi bankans. Davíð gerði sér mat úr þessu og sagði að þeir í Seðlabankanum hefðu vel gert sér grein fyrir að mikill hiti væri í hagkerfinu, en kannski ekki gert sér grein fyrir að hann væri svona mikill.

MARKAÐSPUNKTAR...

Greiningardeild KB banka telur að 75 punkta hækkun stýrivaxta og harðorð Peningamáli nú megi túlka sem viðurkenningu á vanmati á þróun efnahagslífsins í desember og janúar þegar hækkunin var 25 punktar.

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að hlutdeild íslenskra skipa í veiðum á norsk-íslensku síldinni verði 154 þúsund tonn í ár sem er 2,5 prósentu lækkun frá árinu 2005.

209 milljóna króna tap varð á starfsemi Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á árinu 2005. Slæma afkomu má meðal annars rekja til gjaldfærslu kostnaðar í matfiskeldisstöð félagsins.

Tap á Smáralind

Smáralind ehf. tapaði 101 milljón króna á síðasta ári samanborið við 43 milljóna króna tap árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 684 milljónum króna en var 601 milljón árið 2004.

Heildartekjur félagsins námu 1.259 milljónum króna og hækkuðu um tæp tíu prósent á milli ára.

Heildareignir Smáralindar voru rétt rúmir tíu milljarðar í árslok, þar af var verslunarmiðstöðin metin á 9,6 milljarða. Sökum þeirra uppgjörsgleina sem félagið beitir hefur húsnæðið ekki verið endurmetið í ljósi fasteignahækkana.

Eigið fé félagsins var 1.754 milljónir í lok árs.

Gestum í verslunarmiðstöðinni



SMÁRALIND TAPAR Um 100 milljóna króna tap varð á rekstri félagsins. Rekstartekjur hækkðu um tíu prósent á milli ára.

fjölgaði um 4,4 prósent á síðasta ári en velta jókst talsvert meira, um fimmtán prósent.

Seðlabankinn sendir skilaboð um strangt aðhald

Seðlabanki Íslands hækkadi í gærmorgun stýrivexti um 0,75 prósentustig. Bankinn segir að með þessu sé brugðist við óviðunandi verðbólguhorfum og boðar auknið aðhald í peningamálum.

Seðlabanki Íslands sendi í gær skýr skilaboð um að hann myndi bregðast við verðbólguþróun með frekari hækkunum stýrivaxta. Kynnt var hækkun stýrivaxta um 0,75 prósentustig.

„Við erum ekki að segja að við þurfum að fara með vexti upp í sextán prósent,“ áréttaði Davíð Oddsson seðlabankastjóri eftir kynningu á vaxtaákvörðun bankans. Seðlabankinn boðaði auknið aðhald í peningamálum og stýrivaxtahækkun eftir því sem þyrfti til að ná verðbólguþróun bankans.

Davíð sagði bankann ekki óttast of sterka túlkun á vaxtaákvörðun og skilaboðum bankans um mögulegar frekari hækkunir. „Við teljum undirliggjandi gögn sýna að ákvörðunin sé vel grunduð. Við höfum vonast til þess að sú gengisáðlögun sem við höfum ætíð spáð að myndi eiga sér stað kæmi fram síðar og yrði þá til þess fallin að vera okkur þægilegri en gengisbreyting sem fram kæmi í jafnmikilli spennu og nú er. Ég tel því að þau gögn sem við setjum fram sannfæri greiningaraðila sem aðra



SEÐLABANKASTJÓRI KYNNTI PENINGAMÁLIN Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, fór yfir stöðu og horfur í peningamálum á fundi í bankanum fyrir hádegi í gær. Hann sagði bankann ganga eins langt og þyrfti til að ná verðbólguþróun hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um að bankinn sé á réttu róli,“ segir Davíð og telur að lending í hagkerfinu eigi að geta orðið mjúk. „Fyrir því eru meiri líkur ef aðhaldið er öflugra.“

Davíð segir verri verðbólguhorfur hafa mátt rekja til gengislækkunar krónunnar undanfarnar vikur auk þess sem hagvöxtur undanfarnar tvö ár hafi verið mun meiri en áður var talið. „Framleiðsluspenna er því meiri og verðbólguhorfur eftir því óhagstæðari.“

Þá kom fram að ýtt gæti undir áhrif vaxtahækkunarinnar nú að vextir færu hækkandi víða um lönd og aðgangur fjármálastofnana að erlendu lánsfé væri ekki jafn greiddur

ur og áður var. „Á meðal þess sem veldur því að áhættuálag bankanna hefur hækkað á alþjóðamörkuðum að undanförunu er vaxandi ójafnvægi í íslenskum þjódarbúskap. Viðkvæmni innlendra fjármálastofnana fyrir ójafnvægi í íslenskum þjódarbúskap virðist ofmetin af mörgum, vegna þess hve stór hluti starfsemi þeirra er erlendis. Vegna þessa ofmats kann lækkun áhættuálags á skuldabréf þeirra að verða torsóttari en ella ef ekki dregur úr ójafnvægi í þjódarbúskapnum. Því er brýnt að stuðla að betra jafnvægi sem fyrst, meðal annars með ströngu aðhaldi í peningamálum,“ segir Davíð.

ollikr@frettabladid.is

Komdu á óvart
Prófaðu danskar pylsur næst

SS fremstir fyrir bragðið



MATAS TIL SKOÐUNAR Baugur hefur áhuga á Matas í Danmörku, sem selur snyrtivörur, vítamín og lyf sem ekki eru lyfseðilskyld.

Baugur skoðar lyfjaverslanir í Danmörku

Baugur mun leggja fram tilboð í dönsku verslunarkæðuna Matas fyrir næstu helgi samkvæmt frétt Børsen. Matas, sem selur snyrtivörur og lyf sem eru ekki lyfseðilskyld, er í eigu stjórnenda félagsins, sem hafa haft hug að fá fjárfesta til liðs við sig. Skarphéðinn Berg Steinarsson segir að félagið hafi fylgst með Matas um skeið. „Þetta er áhugavert fyrirtæki sem býður upp á ýmis tækifæri í samvinnu við stjórnendur og núverandi eigendur.“ Hann segir

Baug hafa upp á áhugaverðar hugmyndir að bjóða fyrir framtíð keðjunnar.

Í Børsen kemur fram að hinir 180 eigendur Matas muni hittast um næstu helgi til að ræða tilboð sem hefur borist frá sænsku fjárfestingafélagi. Skarphéðinn segir að þegar frést hafi af slíku tilboði hafi Baugur ákveðið að senda einnig tilboð til stjórnenda félagsins.

Matas rekur meðal annars verslun í Magasin du Nord, sem er að hluta til í eigu Baugs.

- eþa

Peningastefnan virkar frekar

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, fagnar stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands og segir hana í takt við vonir greiningardeildarinnar. „Við vorum búin að segja að það þyrfti 75 til 100 punkta, en töldum samt að það kæmu bara 50. Við teljum ákvörðun Seðlabankans laukrétt.“



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

Áhrif stýrivaxtahækkunarinnar eru margvísleg, segir Edda Rós. „Til skamms tíma ætti verðbólga vegna gengislækkunar að verða minni en hún hefði ella orðið og hefur til lengri tíma áhrif á eftirspurnina í samfélaginu. Síðan hefur þetta mikilvæg áhrif inn á skuldabréfamarkaðinn, því hærri hækkun er líklegri til að hafa áhrif á verðtrygghu kröfuna en lægri. Síðast en ekki síst eru þetta líka sterk skilaboð um að vextir Seðlabankans skili fjárfestum viðunandi ávöxtun. Þetta eykur líkurnar á að peningastefnan virki í gegnum vexti, en ekki bara gengi eins og hún hefur gert.“

- ók




tilboð!

HEILIRSTURTU-

KLEFAR MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90

Öryggisgler



Hitastýrð
blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

VERÐ FRÁ 66.900

**BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA**

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Ríkisútvarpið hf.

Rauðku- hugmyndafræði

Það er merkilegur veruleiki að í byrjun 21. aldar er allgöð samstaða frá vinstri til hægri í stjórnáttum um að starfrækja ríkisútvarp. Nánast ágreiningslaust hefur verið að kosta reksturinn með skattþeningum. Jafnframt hafa flestir talið óhjákvæmilegt að leyfa Ríkisútvarpinu þar að auki að afla tekna á samkeppnismarkaði auglýsinga.

Auglýsingatekjurnar hafa þó einna helst verið ágreiningsefni varðandi opinberan útvarpsrekstur. Þó að sú skipan gangi á svig við almennar samkeppnisleikreglur verða keppinautarnir á markaðnum að sætta sig við að annar kostur er ekki í stöðunni. Að baki þessum rekstri og markmiðum hans liggja menningarleg og tilfinningaleg sjónarmið sem rétt er að virða.

Skipulag Ríkisútvarpsins hefur lengi verið úr takt við tímann og staðið því fyrir þrífum. Ríkisstjórnin hefur kosið að gera breytingar þar á með því að koma þessari menningarstofnun í hlutfélagarekstur. Að baki því framtaki er örugglega frómur hugur. En hugmyndafræðin er nokkuð öfugsnúin.

Hlutfélagar eru gott rekstrarform. Það hentar líka fyrirtækjum í ríkiseigu sem nota ekki skattþeninga í rekstur. Þannig var skynsamlegt að breyta Símanum í hlutfélag á sínum tíma. Það fyrirtæki greiddi arð í ríkissjóð. Öðru máli gegnir um stofnanir sem alfarið eða að uppistöðu til eru reknar fyrir skattþeninga. Eðli máls samkvæmt gilda aðrar leikreglur um meðferð skattþeninga borgaranna en sjálfsafslaf.

Um rekstur stofnana ríkisins gilda almennar reglur að því er varðar launaákvæðanir, réttindi og skyldur starfsmanna og almenna stjórnsýsluhætti, þar með talið upplýsingaskyldu. Þetta regluverk gildir ekki vegna þess að það sé vilji löggjafans að opinber fyrirtæki og stofnanir séu svifasein og þyngri í vöfum en hlutfélag. Ástæða þessara almennu reglna er sú að þær eru eina leiðin til þess að tryggja gegnsæi og jafnræði og koma í veg fyrir misnotkun skattþeninga.

Nú ætlar ríkisstjórnin að víkja til hliðar öllum almennum reglum sem gilda um meðferð skattþeninga að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins. Þar á meðferð skattþeninga að lúta reglum einkaeignarréttarins án þess að skilyrði hans um sjálfsafslaf sé fyrir hendi. Auka má skilvirkni hvarvetna í ríkiskerfinu með því að afnema þessar reglur að fullu og öllu. Eru menn reiðubúnir að taka afleiðingunum af því? Svárið er nei. Hvaða önnur sjónarmið geta gilt um meðferð skattþeninga í stærstu menningarstofnun ríkisins?

Rökin fyrir því að reka Ríkisútvarp með skattþeningum jafnframt þátttöku á samkeppnismarkaði auglýsinganna hanga vissulega á hálmstrái eða í mesta lagi á röturhvönn. Þau fela í sér svo verulegt frávik frá almennum leikreglum. Ríkisstjórnin er að kippa þessu haldi í burtu. Hún hefur vitaskuld þingmeirihluta til þess að koma málinu fram. En hætt er við að hún setji með því móti í uppnám framtíðarsátt um ríkisrekið útvarp. Það eru einfaldlega of mikil menningarverðmæti í húfi til að sú áhætta sé réttlætlanleg.

Ríkisrekstur á samkeppnismarkaði þar sem gengið er á svig við allar grundvallarreglur um meðferð skattþeninga virðist vera í meiri skyldleika við ríkisrekstur Rauðkutímans á kreppuárunum en nútímann. Þetta gengur þvert á allt annað sem ríkisstjórnin hefur gert, hvort heldur litið er til stjórnsýslunnar eða samkeppnismarkaðarins, og er því ekki með góðu móti skiljanlegt.

Ferminngatilboð



Með hverri dúnsæng fylgir gæsadúnskoddi



Laugavegi 87

Sími 511 2004 – 551 8740

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aldrei vegnað betur


Fólk með 110 þúsund króna grunnlaun á hjúkunarheimilum íslenska velferðarþjóðfélagsins fer í setuverkföll og biður um sömu laun og fólk í sama stéttarfélagi og í sambærilegum störfum hefur handan við vegginn. Á Alþingi ræða menn skuldastöðu þjóðarþúsins og stjórnarliðar segja að aldrei hafi þjóðin staðið betur. Hvert mannsbarn á tíu milljóna króna eign, segir Pétur Blöndal. „Íslendingar hafa aldrei staðið sterkar. Aldrei í sögunni,” sagði Einar Oddur Kristjánsson. Og ríkið þarf að standa vörð um árangurinn, bætti hann við. „Til þess þarf að vera á móti ýmsu sem er vinsælt...Það þarf að vera



á móti fyrst og fremst óraunhæfum kauphækkunum,” sagði Einar Oddur með þunga. Skyldi hann hafa verið að tala um tuttugu prósent launahækkun lægst launuðu kvennastéttanna hjá Reykjavíkurborg í fyrri? - Ríkisstjórnin rekur sveltistefnu gagnvart þessu fólk, ekki bara í kjörum heldur einnig með ótrúlegri skattþeningu þessara hópa „sem hvergi er að finna samjöfnuð við í allri Íslandssögunni,” sagði Jóhanna Sigurðardóttir um óróann á vinnumarkaðnum.

Þegar friðurinn slitnar

Jónas Kristjánsson ritstjóri lítur líka til velferðarinnar á vefsíðu sinni og gerir ólguna undanfarna daga á götum borga í Frakklandi að umtalsefni. „Átökin í Frakklandi sýna okkur framan í örlög, sem markaðsbúskap-



ur og hnattvæðing búa öllum ríkjum Evrópu, ef ekki verður hindraður flótti þeirra frá félagslegum markaðsbúskap. Þrátt fyrir árvissan hagvöxt er annar tveggja hornsteinna samfélagsins á undanhaldi, velferðin. Ungmennum er boðin bráðabirgðavinna með minna öryggi. Enginn getur skýrt, að hagvöxtur þurfi að leiða til lakari velferðar. Ef svo heldur fram sem horfir, verða meiri óeirðir í Evrópu gegn markaðsbúskap en Karl Marx hefði getað dreynt um. Límið í samfélagi nútímans er farið að bresta.” Jónas segir einnig:

Frönsk ungmenni ætla ekki að láta bjóða sér framtíð óstöðugrar vinnu og eru komin út á götuvatnin. Þau eru framsýnni en við, en sú tíð kemur, að öll Evrópa mun ögra sambandslausum stjórnvöldum.”

johannh@frettabladid.is

Vinátta og hagsmunir

Þrjár bandarískir fræðimenn hafa sett fram fróðlegar kenningar um þá heimsmynd, sem draga megi upp eftir hrun kommúnismans. Francis Fukuyama taldi, að runnin væri upp tími alþjóðlegs kapitalisma, lýðræðis og frjáls markaðar, þar sem verkefnið væri að sinna þörf einstaklinga og þjóða til viðurkenningar, bjóða þá velkomna í hópinn. Eitthvað er til í hugmynd hans, en hnattvæðingin sætir harðri andstöðu. Áhrifamikil hópar vilja ekki taka upp vest-ræna síði.

Þetta varð Samuel Huntington að umræðuefni. Hann er þeirrar skoðunar, að átökum um meginatriði sé ekki lokið, en þau standi ekki lengur milli kommúnisma og kapitalisma, heldur menningarheilda og trúarbragða. Þótt hann velji orð sín varlega, er ljóst, að hann telur aðallega stafa hættu af öfgafullum múslimum. Margir hafa tekið undir með honum eftir árásir hryðjuverkamanna á New York og Washington 11. september 2001. Sumir hópar hata vestræna síði og vilja ekki aðeins forðast þá sjálfir, heldur taka af okkur réttinn til að halda þeim.

Robert Kagan heldur því fram, að leiðir hafi skilið síðustu áratugi með Bandaríkjunum og Evrópulöndum, Bandaríkin búi yfir miklum hernaðarmætti og séu raunsæ og herská. Evrópulöndin séu veikburða og þess vegna óraunsæ. Þau hafi oftrú á fundum og samningum til lausnar mála. Það er að minnsta kosti víst, að hryðjuverkamennirnir, sem rúðust á Bandaríkin 11. september, voru ekki að biðja um fund, eins og Davíð Oddsson benti einmitt á.

En hafa Bandaríkin ef til vill fulllita trú á fundum? Orð eru til alls fyrst. Heimurinn býr yfir miklum möguleikum, eins og Fukuyama segir. Hann er líka hættulegur, eins og Huntington brýnir fyrir okkur. Íslendingar

Í DAG VARNARSAM- STARFIÐ

HANNES
HÖLMSTEINN
GISSURARSON



Auðvitað hljóta Bandaríkin að miða við eigin hagsmuni, þegar þau marka utanríkisstefnu sína. Ríki eiga ekki vini, heldur hafa þau hagsmuni. Og ríki eru bandamenn, þegar hagsmunir fara saman. En hagsmunir Bandaríkjanna til langs tíma eru þeir að eiga öflugna bandamenn á Norður-Atlantshafi.

urðu fyrir verulegu áfalli á dögum, þegar Bandaríkjustjórn tilkynnti einhliða, að hún hygðist kalla varnarlíðið á brott og skilja Ísland eftir varnarlaust. Ég er ekki viss um, að Bandaríkjustjórn hafi gert sér grein fyrir, hversu mikil vonbrigði þetta hljóta að vera þeim Íslendingum, sem hafa stutt Bandaríkin eindregið. Jafngildir þetta uppsögn varnarsamningsins?

Auðvitað hljóta Bandaríkin að miða við eigin hagsmuni, þegar þau marka utanríkisstefnu sína. Ríki eiga ekki vini, heldur hafa þau hagsmuni. Og ríki eru bandamenn, þegar hagsmunir fara saman. En hagsmunir Bandaríkjanna til langs tíma eru þeir að eiga öflugna bandamenn á Norður-Atlantshafi. Eðlilegt er að eyjarnar þrjár undan meginlandi Evrópu séu í sérstöku sambandi við Bandaríkin: Írland vegna sögulegra tengsla, Stóra-Bretland af

gamalli hefð og Ísland, vegna þess að héðan sér yfir allt Norður-Atlantshafi. Þessar þrjár eybjóðir eru líka vinveittari Bandaríkjunum en meginlandsþjóðirnar. Þungur hrammur Hitlers, Stalíns og Napóleons náði ekki til þeirra.

Varnarsamningurinn frá 1951 reyndist báðum þjóðum vel. Mestu máli skipti auðvitað, að herstöðin á Miðnesheiði var ómissandi hlekkur í þeirri öflugu varnarkeju Vesturveldanna, sem hélt Krefluverjum í skefjum. En ábyrgir íslenskir ráðamenn færðu miklar fórnir með því að láta land undir herstöð skömmu eftir lýðveldisstofnun, þegar þjóðerniskennd var hér sterk. Bandaríkjustjórn lagði líka sitt af mörkum bak við tjöldin til að afla útfærslu fiskveiðilögsögunnar alþjóðlegrar viðurkenningar. Þótt einstakir íslenskir stjórnáttamenn eins og Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson hafi með heimskulegu tali reynt að spilla samstarfi þjóðanna tveggja, hefur það verið undantekning, ekki regla.

Heimurinn er ekki hættulaus. Hvað myndi gerast, væru hér engar varnir og fámennur hópur öfgafullra múslima vildi refsa Íslendingum fyrir skopmyndir af Múhamed spámanni? Þeir gætu rænt flugvél í Amsterdam, flogið hingað og gert margvíslegan óskunda, áður en Atlantshafsbandalagið fengi brugðist við. Íslendingar þurfa á varnarsamstarfi við Bandaríkin að halda. En þótt Bandaríkjamenn séu öflugir, eins og Kagan heldur fram, geta þeir ekki allt einir. Hver veit, hvenær þeir þurfa einhverja aðstöðu á Íslandi fyrir ófyrirsjáanlega rás viðburða? Óskar Wilde sagði eins og frægt er, að Íslendingar hefðu fundið Ameríku árið 1000, en haft vit á því að tyna henni aftur. Við skulum vona, að Bandaríkjamenn hafi ekki týnt Íslandi.

ÞEIR VORU Í FRÉTTUNUM

Á sviðinu í hálfu öld

Þráinn Karlsson fagnaði hálfri öld leikafmæli í vikunni. Á þeim tíma hefur hann tekið þátt í á annað hundrað sýningum auk þess að leika í kvikmyndum og fyrir sjónvarp. Þráinn leikur bæði í Mariubjöllunni og Litlu hryllingsbúðinni á Akureyri um þessar mundir, auk þess sem til stendur að sýna Fullkomið brúðkaup í Reykjavík á næstunni, en sýningin sló í gegn á Akureyri.



Rænt af heimili sínu

Kristinn Óskarsson varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að fjórir menn ruddust inn á heimili hans í Garði, lömdu hann og lokuðu hann í farangursgeymslu bifreiðar þar sem hann lá í sjö klukkustundir áður en hann slapp. Árásin virðist hafa verið tilefnislaus en lögreglan í Keflavík rannsakar málið.



Bubbi vann

Garðar Örn Úlfarsson, fyrrverandi ritstjóri Hér og nú, var dæmdur til að greiða Bubba Morthens 700 þúsund krónur fyrir fyrrisögnina „Bubbi fallinn“. Bubbi er kampakátur með dóminn og segir hann kjaftshögg fyrir ritstjórnarstefnu Garðars. Ritstjórnin fyrrverandi álika hress með dóminn og Bubbi var með forsiðuna umdeildu.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stelánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og aughlysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIÞING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÓDÝR MATUR OG GÓÐUR

Það þarf ekki að vera dýrt að elda góðan mat.

MATUR 2



VIÐSKIPTAVINIRNIR ÓMETANLEGUR FJÁRSJÓÐUR

Kristín Einarsson hefur rekið verslunina Sigurbogann við Laugaveg í fjórtán ár.

LANGUR LAUGARDAGUR 7

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[LAUGAVEGUR MATUR TILBOÐ]

Draumarúm í Bæjarlind bjóða vörur á 25-40 prósentu afslætti um helgina. Meðal þeirra eru sloppar, heilsukoddar, rúmgafflar og rúm. Stórt páskaegg frá Nóa Sírius fylgir öllum seldum rúmum.

Flash á Laugavegi 54 býður 20 prósentu afslátt af sínum vörum en auk þess er meiri afsláttur af völdum vörum. Til að mynda er hægt að fá gallabuxur á 3.990 kr., gallajakka á 2.990 kr., peysur á 2.990 og sígunapils á 2.990.

Ofnsteikín í sunnudagsmatinn fæst í Fjarðarkaupum á tilboði.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 31. mars, 90. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	6.50	13.32	20.16
Akureyri	6.31	13.17	20.04

Heimild: Almanak Háskólans



Ásdís Birta með dóttur sinni í leit að sætindum í eldhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Parmesan tók völdin

Ásdís Birta Gunnarsdóttir er sannur matgæðingur og hún leggur mikið upp úr því að fjölskyldan eigi saman góða stund við matarborðið.

„Fjölskyldan borðar alltaf saman,“ segir Ásdís Birta Gunnarsdóttir, eigandi meðgöngufataverslunarinnar Tvö líf. „Maðurinn minn er flugmaður en þegar fjölskyldan kemur saman, og allir eru á landinu, þá borðum við alltaf saman og gerum

það að fjölskyldustund. Mér finnst sú stund mikilvæg og við sitjum eins lengi og börnin leyfa.“

Ásdís Birta er vel þekkt af sínu fólki sem mikill sælkeri og nammgrís. „Ég á það til að draga fram eitthvað nasl eftir matinn,“ segir Ásdís og hlær, „hvort sem það er nammi eða ís eða Royalbúðingur. Ég er formaður í eftirréttadeild heimilisins. Deili því starfi reyndar með manningum mínum sem er algjör eftirréttakarli líka.“

Uppskriftin að parmesankjúklingnum sem

Ásdís gefur lesendum er komin frá Sigu Láru, vinkonu hennar og meðeiganda í Tvö líf. „Það kemur stundum fyrir að við eldum báðar þennan rétt fyrir fjölskyldur okkar að loknum skemmtilegum vinnudegi,“ segir Ásdís og hlær. „Þá erum við alveg í takt. Upphaflega var gráðostur uppstaða í réttinum en hjá okkur hefur parmesanosturinn tekið völdin. Enda heitir rétturinn í dag Parmesankjúklingur.“

Uppskrift Ásdísar að Parmesankjúklingnum má finna á síðu tvö.

johanna@frettabladid.is



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

-DAGAR

**DIESEL
GALLABUXUR Á
10%
AFSLÆTTI
AÐEINS Í 7 DAGA**

**galleri
sautján**
LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI

Deres
KRINGLUNNI

retro
SMÁRALIND



allt

matur o.fl.

Kíví er einn C-vítamínrikasti ávöxturinn. Hann hét upprunalega kínverskt gæsaber en vegna kalda stríðsins var nafninu breytt í markaðsskyni.



Ódýr matur og góður

Góður matur þarf ekki að kosta mikið. Hægt er að galdra fram góða máltíð án mikillar fyrirhafnar og án þess að þurfa að standa í eldhúsinu í marga klukkutíma.

Hér á eftir fer einföld uppskrift sem allir, jafnvel klaufskustu piparsveinar, ættu að geta fylgt eftir. Innihaldið er langt frá heilagt og hægt er að skella hverju sem er í skálina. Sem kjöt má til dæmis nota allt frá Bónusskinku til dýrustu kjötstykkja fyrir sælkeri.

Skerðu papríku í strímla.

Skerðu hvítlauk eftir smekk í þunnar skífur. Ekki skera við nögl því hvítlaugsbragð er gott en hafðu hemil á þér, lyktin er sterk.

Skerðu lauk niður í stór brot.

Skerðu það kjöt sem þig langar í í strímla.

Skelltu öllu á pönnu og steiktu í stuttan tíma. Því næst tekurðu dós með niðursoðnum afhýddum tómötum og skellir á pönnuna. Settu smá slurk af vatni með. Láttu þetta malla í smá tíma við ágætis hita en

kosturinn við þennan rétt er að hann getur kraumað eins lengi og hver vill. Kryddið með til dæmis basilíku eða einhverju sem til er í kryddhillunni.

Sjóddu penne pasta (fylltu pott af vatni, láttu suðuna koma upp, bættu við salti og einni til tveimur matskeiðum af olíu. Settu svo pastað út í og láttu sjóða þangað til það er hæfilega línt. Það stendur yfirleitt á pastaubúðum hversu langan tíma það tekur).

Núna er maturinn tilbúinn. Bragðast vel, litur vel út og er ódýr og frekar einfaldur.



Það þarf ekki að vera dýrt að borða góðan mat.



uppskrift }

Parmesan-kjúklingur Ásdísar

4 kjúklingabringur
4 sneiðar gæðaskinka að eigin vali (sveitaskinka eða parmaskinka)
300-500 g parmesanostur (má einnig nota gráðost)
1 dós mascarpone ítalskur ostur
15-20 g smjör til steikningar
salt og pipar
hálfur sitrónubörkur, rifinn

Bringurnar eru snöggsteiktar í smjörinu. Skinkan er sett í sneiðum yfir. Parmesanosturinn er skorinn í grófa bita og settur á pönnuna ásamt mascarpone-ostinum. Lokið sett á pönnuna og látið malla við lágan hita í tólf mínútur. Kryddað til eftir smekk. Sitrónuberkinum bætt við og látið malla í tvær mínútur. Gott er að bera fram réttinn með klettsalat og einni peru skorinni í smáa bita með parmesanosti yfir.

Kaffi í allar veislur

Veislukaffið frá Te og kaffi er nú fánlegt aftur en það er komið í fallegar límónugrænar umbúðir.

Veislukaffi er árstíðabundin kaffitegund hjá Te og kaffi og er nú fánlegt í annað sinn. Í kaffið er notuð blanda úrvals kaffibauna frá ólíkum kaffiræktunarsvæðum, meðal annars Níkaragva og Kosta Ríka. Veislukaffið hefur þetta og góða fyllingu með eftirbragði af rjóma-súkkulaði. Kaffið er góður valkostur í allar veislur, hvort sem tilefnið er ferming eða brúðkaup, en þess má einnig njóta í rólegheitum í fámennum og góðum félagskap heima við.



Hollur ávöxtur í andlitskrem

Avókadó, eða lárpera upp á íslensku, hefur átt vaxandi vinsældum að fagna hér á landi. Hún er upphaflega frá Mið-Ameríku en vinsældir hennar jukust ekki fyrr en á miðri 20. öld.


Lárperan er oft flokkuð sem grænmeti en hún er í raun og veru ávöxtur, eins og endingin pera bendir til. Hún vex á trjám sem kallast avocado og dregur þaðan nafn sitt. Lárperan þroskast ekki fullkomlega á trénu heldur fellur hún niður og verður þar fullþroskuð. Stundum eru perurnar þó fíndar af trjánum. Hér á landi eru perurnar oftast mjög lítið þroskaðar í búðunum og því gott að kaupa þær með fyrirvara og geyma þær í nokkra daga. Ávöxturinn er orðinn fullþroskaður þegar hann er orðinn eilítið mjúkur.

Bragðið er oft mismunandi og fer það eftir olíumagni í ávextinum hvernig hann bragðast. Hýðið er

ekki vænlegt til átu og er ávöxturinn bestur ferskur og hentar ekki í hitaða rétti. Ef geyma þarf rétti sem innihalda ferska lárperu er gott að setja steinana úr perunum í réttinn, þá geymist hann betur. Lárperan inniheldur ellefu vítamíntegundir og fjórtán tegundir steinefna og er því bráðholl.

LÁRPERUSALAT:
4 tómatar
1 lítill rauðlaukur
1 vel þroskuð (mjúk) lárpera
knippi af ferskum kóríander.

Saxið tómata og lauk smátt, skrælið lárperuna og fjarlægðu kjarnann. Saxið peruna niður í um það bil 1 cm teninga. Rífið kóríanderlaufin og hrærið öllu saman. Látið standa í ísskáp í klukkustund og hrærið vel upp í blöndunni áður en hún er borin fram. Salatið verður því betra sem peran er mýkri. Berið fram sem meðlæti með kjöti eða fiski, eða eitt og sér með brauði.



„kraftmikill staður“

GREIFINN
-fyrir alla

Greifinn veitingahús, Glerárgötu 20 600 Akureyri, Sími 460 1600



Fáðu sætt bros að launum!



Þriggja rétta matseðill

	Verð fyrir einréttu	Verð fyrir tvíréttu
Okkar rómaða humarsúpa	990	
Steiktur skötuselur með hvítvínssósu	3.390	4.390
Kjúklingabringa „a la Italiana“	2.950	3.890
Lambafillet með sherrybættri sveppasósu	3.390	4.390
Nautalundir með Chateaubriandsósu	3.700	4.690
Súkkulaðifraud	790	

Einnig úrval annarra rétta á „a la Carteseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29

Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

Lokadagur útsölnunnar



aman

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is

550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Katalónskur krembúðingur (crème catalane)

Í byrjun frægar bíómyndar lýsir Amelie nokkrum af helstu nautnum lífs síns en ein þeirra var kikkið sem fæst við að brjóta karamelluskurnina á crème brûlée búðingi. Hvort sem vinsældir þessa búðings eru tilkomnar vegna skurnarinnar sem brotnar svo skemmtilega eða annars, þá er það staðreynd að til eru áhugafélög úti um allan heim sem engan tilgang hafa annan en að vegsama þennan tiltekna búðing. Það er kannski ekki skrytið því crème brûlée er nánast gallalaus eftirréttur. Einn smávægilegan galla hefur hann þó og hann er sá að innihalda margar hitaeyningar (það gerir rjóminn!) En örvæntið ekki, hér er boðið upp á spænskættaðan draum, Crème catalane, sem er nákvæmlega sams konar búðingur en gerður úr mjólk í stað rjóma, og þannig miklu hollari þó ekki vanti karamelluskurnina, sem gefur alveg sama kikkið!

2. Dreypið dálitlu af heitri mjólkinni út í eggjablönduna áður en henni er svo hellt varlega út í afganginn af mjólkinni í pottinum. Hrærið vel í á meðan hellt er. Setjið pottinn aftur á helluna og hrærið stanslaust þar til búðingurinn hefur þykknað hæfilega mikið. Passið upp á hitann, þannig að búðingurinn sjóði ekki.
3. Skiptið búðingnum á milli fjögurra eldfasta skála og látið standa í kæli í minnst tvo klukkutíma.
4. Lokaskrefið við gerð búðingsins er að útbúa karamelluskurnina ómótstæðilegu. Þá er afganginum af sykrinum og ögn af múskaði blandað saman og því svo stráð jafnt yfir búðinginn í skálanum. Bakaraofninn er stílltur á grill og þegar hann er orðinn mjög heitur setjið þá skálanar undir grillið í nokkrar sekúndur eða þangað til sykurinn verður að karamellu. Látið kólna nokkra stund áður en búðingurinn er borinn fram. Önnur leið til að ná fram góðri karamelluskurn á búðinginn er að nota þar til gerð logsuðutæki sem fást í öllum betri búshaldabúðum, og bræða sykurinn með því.

- 1/2 lítri mjólk
- börkur af 1/2 límónu
- 1 kanilstöng
- 4 eggjaraúður
- 7 msk. sykur
- 1 og 1/2 msk. maizena-mjólk múskaði

1. Látið mjólkina malla í potti á lágum hita ásamt kanilstöng og límónuberki í tíu mínútur. Takið þá pottinn af hellunni og veiðið börkinn og kanilstöngina upp úr. Hrærið 3 msk. af sykri saman við eggjaraúðurnar í skál og hrærið maizena-mjólinu vel saman við.



Daniel Ingi Jóhannsson er einn þeirra sem keppa um titilinn Matreiðslumaður ársins á sýningunni Matur 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Matur 2006 í Fífunni

Sælkeráferð um Ísland er yfirskrift sýningarinnar Matur 2006 sem hófst í Fífunni í gær og lýkur á sunnudag.

Sýningin Matur 2006 er nú haldin um helgina í áttunda sinn í Fífunni í Kópavogi. Mikið er um dýrðir á sýningunni en samhlíða henni er einnig sýningin Ferðatorg 2006, þar sem Ísland og matur þykja tengjast sterkum böndum. Alls konar upptökur og keppni verða á sýningunni, eins og keppni um Matreiðslumann ársins 2006, nemakeppni Norðurlanda, Íslandsmeistarakeppni kaffibarþjóna og uppvöskunarkeppni. Sérstakt barnasvæði, Orkueldhús barnanna, er uppsett þar sem börnun gefst meðal annars kostur að útbúa sitt eigið heilsusnakk. Auk þess verður haldin sérstök matreiðslukeppni barna. Félagar í Bakararveinafélagi Íslands verða að störfum á sérstöku sýningar-svæði og málþing verður haldið um íslenskt eldhús. Dagskrá sýningarinnar má sjá í blaðinu Lostæti sem fylgir Fréttablaðinu og dreift er á sýningunni.

Sérfræðingar í saltfiski



Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu: saltfiskbitar blandaðir gellur gollarapunnildi

Til steikingar:

saltfiskbitar blandaðir saltfiskkurl saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos) gellur

Fyrir veitingahús – hótél – mótuneyti:

saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos) saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:

ýsuhnakka rækjur þorskhnakka steinbítskinnar og bita

**Hunangs Sinnepsósósa...
... þegar vindur hvín!**



Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

**Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!**



Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkeið með rifsberjahlaupi og sem idýfa.

Nýtt



Nú færðu ferskar og fljótlegar

Kalkúna krásir

tilbúnar á pönnuna eða í ofninn



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



allt tilboð o.fl.

50%

Tilboð vikunnar eru tvö. Annars vegar frosin jarðaber í Nettó á helmingsafslætti á 365 kr. kílóíð, og hins vegar bökunarkartöflur í Nóatúni á sama afslætti á 149 kr. kílóíð.

Svefn & heilsa



www.svefn.is

GÍTARINN
HEJÓDFÆRAVERSLUN

Opd: Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Da Capo Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítarneglur

Verð Kr. **15.900,-**
Verð áður: 20.590,-

Stórhóla 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Blessuð sértu borgin mín!

Borgarþing í Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur, 1. apríl, 2006

Fjöldmörg íbúasamtök Reykjavíkur standa saman að borgarþingi um borgina okkar laugardaginn 1. apríl og það er ekkert gabb!

Tekin verða fyrir margvísleg efni:

ÍBÚALÝÐRÆÐI	Gauti Kristmannsson
REYKJAVÍK Í ÖDRU LIÓSI	Hrafn Gunnlaugsson
UMHERFI OG SKIPULAG	Pétur H. Ármannsson
BORGARHAGFRÆÐIN	Porvaldur Gylfason
BORGARMENNINGIN	Porsteinn J. Vilhjálmsson
UMHERFI OG VELLÍÐAN	Kristín Þorleifsdóttir
SJÁLFSMYND REYKVIKINGA	Eggert Þór Bernharðsson

Við þinglok verða pallborðsumræður þar sem formenn íbúasamtaka og fulltrúar flokkanna sem fram bjóða til borgarstjórnar taka þátt.

Fundarstjóri verður Hildur Helga Sigurðardóttir

Þingið hefst kl. 10 og lýkur kl. 15 og verða bæði kaffi- og hádegishlé.

Með þessu þingi fá Reykvikingar tækifæri til að móta hugmyndir um borgina sína og segja forsvarsmönnum sínum frá því á staðnum. Við hvetjum alla sem áhuga hafa á borginni sem bústað okkar allra til að koma og taka þátt.

Aðgangur er ókeypis.

Íbúasamtök Grafarvogs, íbúasamtök Laugardals, íbúasamtök Vesturbæjar, íbúasamtök 3. hverfis, Samtök um betri byggð.

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Kornbrauð	98	123	98	20
Ferskir kjúklingavængir	139	179	139	20
Ferskir kjúklingaleggir	349	449	349	20
Fersk kjúklingalæri	349	449	349	20
Ýsuflok með roði	399	nýtt	399	
Ýsuflok, roðlaus	499	599	499	15
Ýsuflok, roð og beinlaus	599	nýtt	599	
Bónus ís	198	298	99	30
Bónus ísblóm 4 stykki	98	159	98	40
Fetaostur í gleri 250 g	199	nýtt		

HAGKAUP

Skammtílegast að reysla

Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambahryggur, frosinn	999	1.448	999	30
Óðals hamborgarhryggur með beini	959	1.598	959	40
Svínakötiletur	889	1.398	889	35
Svínahnaki, úrbeinaður	999	1.499	999	35
Svínalundur	1.599	2.298	1.599	30
Svínalæri úr kjötborði	498	649	498	25
Humar í öskju	2.998	3.249	2.998	10
Innfluttar nautalundur	2.399	3.998	2.399	40
Kjöris mjúkis með súkkulaði- eða vanillubragði	599	759	299	20
Kjöris konfekt ísterta, 12 manna	1.099	1.299	628	15
Mjólu kryddfeti í olíu	199	249	995	20



FJARDARKAUP

OKKI ÞARA VARI!

Tilboðin gilda til 1. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Fjarðarkaups ofnsteik	1.114	1.858	1.114	40
Bayoneskinka	899	1.498	899	40
Svínahnaki sn. úrb. úr kjötborði	998	1.198	998	15
Gæða grís hamborgarhryggur	1.123	1.498	1.123	25
eðalfiskur grafinn lax	1.799	2.430	1.799	25
Eðalfiskur reyktur lax	1.799	2.430	1.799	25
Kjúklingastrimlar frá Matfugl	1.279	1.599	1.279	20
Ferskur kjúklingur frá Matfugl	489	699	489	30
Merlo rækja	578	798	578	30
Gulrætur	179	268	179	35
Blómkál	199	262	199	25



Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ísflugl kalkúnaborgarar, steiktir	839	1.398	839	40
KEA londonlamb	1.147	1.639	1.147	30
Gourmet grísahnakkasneiðar BBQ	1.034	1.724	1.034	40
Matfugl kryddaðir bitar í bakka	359	599	359	40
Myllu skúffukaka	249	299	249	15
Goði skinkubunkar	269	359	269	25
Borg. svínakötiletur, Prepac	973	1.497	973	35
Reykjag. kjúklingarúllur með smurosti	907	1.295	907	30
Reykjag. kjúklingarúllur með beikoni	907	1.295	907	30
Reykjag. kjúklingaklattar	837	1.195	837	30



Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
KEA londonlamb	1.147	1.639	1.147	30
Gourmet grísahnakkasneiðar BBQ	1.034	1.724	1.034	40
Matfugl, kryddaður	419	699	419	40
Borg. svínakötiletur, Prepac	973	1.497	973	35
Reykjag. fylltar kjúklingarúllur	907	1.295	907	30
Egils Malt 0,5 l	79	97	79	20
Coca Cola 4x2 l	599	780	599	25
Kjöris Magnum Almond 4 stykki	399	499	399	20
Coop jarðaber lausfrosin 400 g	149	299	365	50
Kiwi	99	149	99	35

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambalæri úrbeinað og fyllt	1.798	2.298	1.798	20
Ungnauta file	2.498	3.129	2.498	20
Lambafille með fiturönd	2.898	3.198	2.898	10
Lambageiri með sækerafyllingu	2.798	2.998	2.798	10
Lamba framhryggjasneiðar	1.298	1.598	1.298	10
Nóatúns Bayoneskinka	898	1.498	898	40
Móa Kjúklinga læri, magnþakningar	389	599	389	35
Eðalf. grafíax flök	1.499	2.314	1.499	35
Bökunarkartöflur í lausu	149	298	149	50
Góu hraunbitar 200 g	199	249	199	20



Tilboðin gilda til 2. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Gourmet ungnautagúllas	1518	2.168	1.518	30
Gourmet ungnautasnitset	1518	2.168	1.518	30
Bautab. grísakötiletur	998	1.598	998	40
Goða pylsur, 10 stykki	298	442	596	35
Krónu kindabjúgu	179	219	460	20
Kavli hrökkbrauð	129	199	420	35
Grand Italy Fusilli pasta	59	99	118	40
Stjörnu party mix, salt & pipar	149	215	876	30
Lambi Satin wc pappír, hvítur	499	649	499	25
Ariel Regular	899	1.098	272	20



Tilboðin gilda til 5. apríl

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Rauðvinslegin helgarsteik	1.335	1668	342	20
Grísakötiletur, djúpkryddaðar	1.350	1689	1.868	20
Borgarnesbjúgu	439	584	1.265	25
Skólaskinka 165 g	145	207	709	30
Kelloggs bar, Fruit & Fiber 6x23	179	289	1.297	40
Kelloggs bar, Special K 6x23 g	179	289	1.297	40
Bki café latte 216 g	229	349	1.060	35
Bki Choko Cappuccino 216 g	229	349	1.060	35
Chicago Town Wrap Chili Beef 302 g	359	589	1.188	40
Chicago Town Wrap Fajita Chicken 298 g	359	589	1.205	40

www.velaborg.is

S: 414 8600



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR

Smámokstursvélar
Smágröfvar
Skotbómulyftarar
Úrval af aukahlutum



Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601

Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

Sprengja í verslun- um Tölvulistans

Í gær byrjaði sprengja í öll-
um verslunum Tölvulistans í
Reykjavík, á Akureyri og í Kefla-
vík. Sprengjan stendur yfir alla
helgina, opið er til 19 í kvöld, á
laugardaginn frá 10 til 18 og á
sunnudaginn frá 13 til 17.



Fartölvur í úrvali fást í Tölvulistanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sprengjur Tölvulistans eru læk-
kanir á mest selda tölvubúnaðinum.
Þar ber helst að nefna Canon
IP4200-prentara á 9.990 kr, DVD-
skrifara á 4.790, harðdiska frá 4.990
og vefmyndavélar frá kr. 1.490,
ásamt mörgum öðrum tilboðum.

Í Tölvulistanum er mikið úrval
af tölvum frá öllum stærstu fram-
leiðendum í heimi og fást þær
allar á sprengjunni vaxtalaugar til
allt að átján mánaða.

Öskrandi fjör

á Classic Rock um helgina,
föstudags- og laugardagskvöld



STUÐBANDLAGIÐ



Ármúla 5 • S:568 3590

VORUM AÐ FÁ MIKIÐ ÚRVAL AF VANDAÐRI MERKJAVÖRU Á MUN LÆGRA VERÐI



OUTLET 10
Faxafeni 10

OPIÐ
Laugard. 11-17
Sunnud. 13-17
s. 533 1710

Fermingatíloboð 2006

**Betra
BAK**



Val um hvíta
eða brúna leðurlook botna
með SquareAlu löppum
án aukagjalds!!!

Gildir aðeins í mars



Heilsudýnur uppbyggðar til að
laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífar á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði.
Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni
á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring
kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja
vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164,-~~ Nú kr. 47.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478,-~~ Nú kr. 49.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287,-~~ Nú kr. 56.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466,-~~ Nú kr. 64.900,-

THE
NeverTurn
MATTRESS

Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:

100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900,-~~ Nú kr. 65.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800,-~~ Nú kr. 75.900,-


Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúruleg gæðefni



Laserskorin ConformaFoam eða
Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja
stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háþróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



Frumkvæði, færni, forysta

**Kynningarfundur um MBA nám í Háskóla Íslands
þriðjudaginn 4. apríl kl. 16.30 í Námunni,
húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7.**



Snjólfur



Runólfur Smári



Ásta Hrönn



Ásgeir



Ólafur Unnar

Árið 2006 eru sex ár liðin frá því MBA náminu í Háskóla Íslands var hleypt af stokkunum. MBA námið í Háskóla Íslands hefur sannað sig sem árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. MBA námið gefur ný sóknarfæri.

Næsti hópur mun hefja nám haustið 2006. Umsóknarfrestur er til 2. maí 2006.

Eftirtalin kynna MBA námið og segja frá reynslu sinni:

Snjólfur Ólafsson, formaður stjórnar MBA námsins

Runólfur Smári Steinþórsson, forstöðumaður MBA námsins

Ásta Hrönn Maack, MBA, stjórnandi markaðssamskipta HÍ

Ásgeir Baldurs, MBA, framkvæmdastjóri Vátryggingafélags Íslands

Ólafur Unnar Kristjánsson, MBA nemi

Allir velkomnir

Kaffiveitingar

www.mba.is



Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



Íslandsmót **iðnnema** Gerðu betur!



31. mars í Kringlunni

GLITNIR



ÍDNMENNT



Anna Bergljót gerði góð kaup á DVD-myndum í London á dögum.

Fylgist vel með tilboðum

Anna Bergljót Thorarensen er ekki hrifin af útsölum en fylgist vel með tilboðum.

Anna Bergljót Thorarensen lauk BS-námi í viðskiptafræði frá Bifröst seinasta vor. Nú vinnur hún í fullu starfi hjá Verðbréfabjónustu Íslandsbanka og er formaður Bandalags íslenskra námsmanna. Bestu kaupin sem hún hefur gett voru þegar hún fjárfesti í eggja-suðutæki.

„Ég keypti mér þetta tæki þegar ég flutti að heiman og fór að búa á Bifröst. Það kostaði ekki nema þúsund krónur og er þeim eiginleikum gætt að það getur harð- eða linsóð- ið egg allt eftir óskum og getur soðið allt að sex egg í einu! Þetta er eina heimilistækið sem maður þarf á að halda.“

Aðspurð segist Anna Bergljót ekki vera hrifin af útsölum. „Ég er alveg skithrædd í búðum og sérstaklega þegar það er margt fólk inni í þeim, eins og oft vill verða á útsölum. Ég veit ekkert jafn pirrandi eins og að troða mér um þrönga ganga Kringlunnar þegar þeir eru fullir af fólki. Ég

fór hins vegar til London fyrir tíu dögum síðan og þar keypti ég mér fimmtán DVD-myndir á útsölu. Þær kostuðu samtals aðeins 6.000 krónur íslenskar.“

„Ég fylgist þó nokkuð með tilboðum, sérstaklega tilboðum í matvöruverslunum. Ég er meira að segja skráð á póstlista Bónus og fæ öll tilboðin þaðan send beint til mín. Það er því oftast en ekki hann Jóhannes sem ræður því hvað er í matinn á mínu heimili. Mér finnst ég alltaf vera að græða fjári mikið með því að kaupa mat sem er á tilboði.“

Í augnablikinu er Anna Bergljót í aðhaldi og hagar því innkaupunum eftir því. „Ég byrjaði á danska kúrnum upp úr áramótum og hef verið að tína af mér kílóin síðan. Frítíminn fer því að miklu leyti í að elda og borða. Milli máltíða reyni ég síðan að sinna vinnunum mínum. Það fer að líða að aðalfundi BÍSN en hann verður haldinn í mars. Þangað til verður maður bara á kafi í ársskýrslum og ársreikningum. Í lok mars ætla ég síðan að halda til Kúbu, dvelja þar í þrjár vikur og slaka á eftir törnina.“



Lopapeysur

Stuttar, þröngar
með rennilás

Handprjónasamband Íslands

Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890

www.handknit.is



Fermingargjafir í
marimekko®

marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600



SÉR SJÁLFUR UM VEISLUSTJÓRN

Jón Kristófer Karlsson SJÁ BLS. 14

[SÉRBLAÐ UM FERMINGAR OG GJAFIR – FÖSTUDAGUR 31. MARS 2006]

fermingar



EFNISYFIRLIT

SEGÐU ÞAÐ MEÐ BLÓMUM
Túlípanar, liljur og orkideur
BLS. 2

TRÚARLEGAR GJAFIR
Við hátíðleg tilefni BLS. 6

BURRITOS BUENA Y
BELLISSIMA
Mexíkó á borðum BLS. 8

TILFINNINGIN LIFIR
LENGI
*Samsettar fjölskyldur og
fermingin* BLS. 10

HVERSU MARGAR
KARTÖFLUR?
Maturinn reiknaður út BLS. 14



FRÍSKAÐ UPP Á
VIÐKVÆMA HÚÐ
Góð ráð BLS. 20

RAUÐDOPPÓTT
BLÖÐRUPILS
Tískan í Topshop BLS. 24

HVÖTT TIL AÐ MÆTA
Í MESSU
Ferming í Grafarvogskirkju
BLS. 28

FERMINGARDAGURINN MINN

Gestabók • Myndir • Skeyti

Framleitt af Múalundi vinnustofu SÍBS



FÆST Í ÖLLUM HELSTU BLÓMA-
OG BÓKAVERSLUNUM LANDSINS



MÚLALUNDUR

VINNUSTOFA SÍBS • Hátúni 10c • Pósthólf 5137 • 125 Reykjavík



fermingin mín ...



Arnar Þór Gíslason fjárfesti í dýrasta reiðhjólínu fyrir fermingarpeningana sína sem var svo seinna stolið.

„...megi svo verða“

Arnar Þór Gíslason rifjar upp fermingardaginn og minnst góðra gjafa og lélegrar hárgreiðslu.

„Ég man að ritningarversió mitt endaði á orðunum „...og megi svo verða“ en ég man ekki hvað það var sem átti að verða,“ segir Arnar Þór Gíslason, einn eiganda skemmtistaðarins Café Óliver.

Arnar átti í nokkrum vandræðum með að rifja upp fermingardaginn enda eru fjórtán ár liðin frá deginum. Þó gat hann staðfest að hann fermdist í Viðistaðakirkju árið 1992. „Veislan var stór og haldin í heimahúsi, ætli það hafi ekki komið tæplega 90 manns í veisluna,“ segir Arnar. „Ég man hvað ég fékk í fermingargjöf. Amma og afi gáfu mér viku skiðaferð í Kerlingarfjöll, þar sem mér tókst að fótbrjóta mig, og mamma og pabbi gáfu mér svefnsófa og græjur. Ég myndi segja að þetta þrennt hafi staðið upp úr.“

Arnar segist hafa fengið 110

þúsund í peningum á fermingardaginn og fyrir þá peninga keypti hann reiðhjól. „Ég keypti dýrasta fjallahjólið á landinu fyrir 89 þúsund krónur. Ég átti hjólið þangað til því var stolið á fyrsta árinu mínu í framhaldsskóla og ég fékk 93 þúsund út úr tryggingunum. Þannig að ég fékk fermingarpeningana til baka og notaði þá til að flytja til Kaupmannahafnar eitt sumarið. Þetta var góð fjárfesting,“ segir Arnar og hlær.

Arnar segist hafa verið í dæmigerðum fermingarklæðnaði þessa tíma. „Ég var í blaser, skyrtu og bindi og með broddaklippingu,“ segir Arnar og hryllir sig.

„Fermingarmyndirnar mínar eru hræðilegar. Þær hanga uppi í stofu hjá mömmu og pabba fólki til skemmtunar. Þetta er það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur inn og svo horfir það og hlær.“



Gjafavöndur og borðvöndur f. stráka. Bláar rósir og hvítir túlípanir.



Segðu það með blómum

Sennilega jafnast engin gjöf á við fallegan blómvönd, enda sígild og lifandi gjöf sem hittir alltaf í mark. Nú er árstíð túlípananna og læðast þeir því inn í flesta vendi.

„Margir kaupa fallegan blómvönd til að gefa með annarri og stærri gjöf,“ segir Áslaug Hlíf Jensdóttir hjá blómaversluninni Allt í blóma á Laugaveginum, aðspurð hvort blóm séu algeng fermingargjöf. Hún er þó sammála því að blómvöndur sé frábær gjöf ein og sér.

Hún segist taka eftir því að stelpur fái frekar blóm en strákar, en blómin berist frekar til þeirra sem skraut á pakka.

Liljur eru blóm sem hún mælir með í tilefni fermingarinnar. „Liljur eru til í mörgum litum, eins og

appelsínugulur, gulur, hvítur og bleikur og standa þær mjög lengi. Á þessum árstíma eru túlípanarnir þó aðalblómin og þeir til í mörgum litum og fallegir með öðrum blómum,“ segir Áslaug Hlíf. Mikið er af fallegum afskornum orkideum í versluninni og segir Áslaug þær vera sérstaklega fallegar og standi lengi.

Ekki þarf að missa sig og kaupa risastóran vönd því oft þarf lítið til að gleðja. „Eitt blóm gerir svo mikið,“ segir Áslaug Hlíf.



Liljur, sem hægt er að fá í öllum litum, allt frá appelsínugulu, gulu, út í rautt og bleikar og hvítar.



Afskorin orkidea.



Gerberur, lilja og rós.



Græn orkidea.

Jumbo
Veislubakkar
 Þrjár tegundir af
 líuffengum veislubökkum

Jumbo
 Samlokur
 www.jumbo.is

Frí heimsending • Pöntunarsími: 554-6999



Gefðu þjarta framtíð í fermingargjöf

Gjöf sem vex – gjafabréf á trausta hávaxtareikninga

- SPRON Framtíð er verðtryggður hávaxtaspáreikningur sem er laus til úttektar við 18 ára aldur. Öllum stofnuðum Framtíðarreikningum með gjafabréfi fylgir **2.000 kr. mótframlag frá SPRON.**
- SPRON Vaxtabót er óverðtryggður hávaxtaspáreikningur á Netinu sem ber auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir upphæð og innstæðu, alltaf laus. Hægt er að stofna þessa reikninga á spron.is.

Pú færð gjafabréfin í næsta útibúi SPRON eða á spron.is

Fermingarbörn!

- Öll fermingarbörn sem stofna Framtíðarreikning fá 2.000 kr. inneign frá SPRON, en ef lagðar eru inn 30.000 kr. eða meira fyrir 1. júní 2006 fylgir **5.000 kr. inneign.**
- Við bætum um betur og gefum öllum fermingarbörnum sem stofna Framtíðarreikning eða Vaxtabót hjá SPRON, fyrir 1. júní 2006, **10% vaxtaálag ofan á greidda vexti um næstu áramót.**

Frekar borðtölvu en fartölvu

Fermingarpilturinn Jón Rafn Hjálmarsson er nýfarinn að hlakka til fermingar sinnar. Hann segist hafa tekið virkan þátt í undirbúningi veislunnar.

Jón Rafn fermist sunnudaginn 23. apríl sem er einn af seinustu fermingardögum ársins. Þrátt fyrir það býst Jón Rafn ekki við því að verða óþreijufullur. Segist Jón Rafn aðeins vera nýbyrjaður að hlakka til jafnvel þó að hann hafi verið í fermingarfræðslunni í næstum ár. „Ég fór reyndar ekki að hlakka til fyrir en í viku síðan því núna er farið að stytta svo mikið í sjálfa ferminguna,“ segir Jón Rafn spakur.

Jón Rafn segist frá upphafi hafa ætlað sér að fermast og í raun hafi ekkert annað komið til greina. Spurður um ástæðu þess segir Jón Rafn að hann vilji staðfesta sína kristnu skír. Að auki bætir hann við að gjafirnar spilli ekki fyrir og hlær létt í leiðinni.

Enn eru rúmar þrjár vikur í ferm-

ingu Jóns Rafns og segist hann taka virkan þátt í undirbúningi sjálfrar veislunnar. „Ég hef meðal annars verið að hjálpa til við að ákveða matinn,“ en á boðstólum verða dýrindis kökur. Jón Rafn tók líka þátt í vali á skreytingum en honum fannst viðeigandi að hafa blóm í veislunni. Veilsan fer fram í húsi Eddu-miðunar og útgáfu og gerir Jón Rafn ráð fyrir um 60 gestum.

Efst á óskalista Jóns Rafns er borðtölva að eigin sögn. „Ég vil frekar borðtölvu en fartölvu, því fartölvur eru mun hægari og hafa minna minni.“ Jón Rafn segir þó að lokum að hann verði ekki sár þó gestir gefi honum eitthvað annað en borðtölvu.



iPod hefur haft tögl og hagdir á mp3 spilaramarkaðnum og ekkert lát virðist vera á vinsældum hans. Ýmsir framleiðendur eru farnir að framleiða sérstakar hljómflyttingsgræjur fyrir iPod spilarana.

Stafrænar fermingagjafir

Margir fá unglingar fá stóru fermingargjöfina oft frá foreldrum. Oftar en ekki inniheldur stóri pakkinn fermingargræjurnar svokölluðu. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði hvaða raftæki væru vinsælustu fermingagjafirnar í ár.

Um miðbik 10. áratugarins fengu gífurlega margir unglingar stór og eiguleg hljómflytningstæki sem aðalgjöf. 12 geisladiska magasín spilarar, hljóðsnælduspilarar og auðvitað framúrsteftulega hannaðir hátalarar sem blikkuðu með mikilli ljósadýrð í takt við ungasögmúsíkina sem út úr þeim streymdi.

Í dag er öldin önnur,

Fartölvur verða vinsælli með hverju árinu og tengja margir hágæða hátalara við þær til þess að spila tónlist á mp3 formi.



að sögn starfsmanna raftækjaverslana í Reykjavík eru hefðbundnu fermingargræjurnar orðnar að fermingartölvum með hágæðahátölurum.

Mest umbeðnu fermingagjafirnar úr heimi raftækjanna í ár eru PSP-vasatölvur og sérhannaðar borðtölvur fyrir tölvuleikjaáhugamenn. Fartölvurnar eru einnig vinsælar hjá báðum kynjum en á meðal drengja eru borðtölvurnar

ar vinsælli vegna þess að þær bjóða oft upp á meiri möguleika til tölvuleikjaspilunar.

Hjá flestum raftækjabúðum er mesta salan einnig í ódýrari mp3 spilurum, farsímum, myndavélum og í dvd-upptökutækjum. iPod spilararnir frá Apple eru einnig mjög eftirsóttir í ferming-



PSP vasatölvurnar frá Sony eru vinsælar hjá báðum kynjum enda möguleikar hennar gríðarmargir.



Jón Rafn Hjálmarsson er kátur piltur sem vonast eftir blíðum og góðum fermingardegi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tálgaðar fermingarstytur frá Himneskum herskórum



Upplýsingar í síma 552 1783 og 862 2783 og himneskirherskarar@simnet.is www.himneskirherskarar.is

Gjafir fyrir ferðaglaða og ævintýragjarna

Hálsmen og pennasett geta vakið takmarkaðan áhuga sem gjöf ef barnið er ævintýragjarn og fyrir útivist og aðra afþreyingu. Tungumálaskólar, ævintýraferðir eða námskeið tengd áhugamáli eru allt frábærar gjafir sem lifa lengi í minningunni.



DAVID BECKHAM FÓTBOLTA-SKÓLINN

Góð gjöf fyrir stráka og stelpur sem æfa fótbolta er sumarferð í David Beckham-fótboltaskólann. Aðstaðan í skólanum er eins og hún gerist best. David Beckham hefur fengið til liðs við sig marga af færustu yngri flokka hjálfurum Englands sem eru flestir með A-gráðu frá enska knattspyrnusambandinu.

Hægt er að velja um að fara á þriggja daga námskeið eða fimm daga námskeið. Innifalið í þeim báðum er flug og skattar, gisting, fæði, rúta sem fylgir hópnum allan tímann, sjálfur skólinn og íþróttabúningur. Tveir íslenskir fararstjórar verða með í för auk þess sem fulltrúi frá skólanum sjálfum mun vera með hópnum. Þriggja daga ferð kostar 79.900 Fimm daga ferð kostar 99.000 krónur.



REIÐNÁMSKEIÐ OG FERÐIR

Íshestar í Hafnarfirði eru með metnaðarfull reiðnámskeið fyrir unglinga á hverju sumri. Menntaðir reiðkennarar sjá um alla kennslu, hvort sem er fyrir byrjendur eða vana. Reiðnámskeiðin eru ýmist vikueða hálf ánaðar námskeið sem kosta frá 12.500 til 21.500.

Íshestar bjóða einnig upp á mikið úrval reiðferða. Um er að ræða bæði dagsferðir og lengri ferðir. Dæmi um dagsferð er Víkingaferð sem kostar 8.800 þar sem farið er í gegnum hraunið við Helgafell, áfram inn í Heiðmörk og riðið um útivistarsvæði Hafnarfjarðar.

Úrval ferða má skoða á www.ishestar.is.



ÚTIVISTARSKÓLINN

Fyrir börn sem hafa gaman af útivist og fjallamennsku gæti dvöl í Útivistarskólanum verið skemmtileg gjöf. Útivistarskólinn er rekinn af Slysavarnafélaginu Landsbjörg og er opinn öllum á aldrinum 14 til 18 ára. Um er að ræða sex daga námskeið þar sem börn læra fyrstu hjálpu, bjargsig, ferðamennsku, rötun, á áttavita, kortalestur, hnúta, að sigla slöngubát, kassaklifur, upp-lifa rústir og margt fleira.

Skólinn er staðsettur í Gufuskálum á Snæfellsnesi og er aðstaðan hin besta.

Sex daga dvöl kostar 29.000 þar sem allt er innifalið utan fargjalds fram og til baka.




Aquis handklæði

Létt, fyrirferðalítill og frábær í ferðalög og íþróttir. Góð við húðina, þurrka vel og alltaf mjúk.

Daggir ehf.

Strandgötu 25 Akureyri • s: 462-6640 • www.daggir.is

Útsöluastaðir: Daggir, Tékk kristall Krínglunni • Hárgr.stofan Scala Lámúla 5 • Everest Skeifunni 6



ENNMW / BJA / IN20726

GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.
Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

www.kbunglingar.is

 **KB BANKI**



Gjöfin vex í pakknum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakknum!


Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur


Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



SPARISJÓÐURINN
– fyrir framtíðina



Passiusálmarnir. Verð krónur 4.290.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ljós í heimi, Kristin trú og nútíminn. Verð krónur 2.980.



Ikonmynd af Maríu Mey. Verð krónur 2.200.


Trúarlegar gjafir við hátíðlegt tilefni

Fermingin er trúarleg athöfn og því ekki úr vegi að gefa gjafir í samræmi við tilefni dagsins.


Kirkjuhúsið á Laugarvegi selur margvíslega hluti sem tengjast kristinni trú. Allt frá fræðibókum, sálmabókum og Biblíum niður í trúartákn og myndir, talnabönd og kerti.

Gjafir sem tengjast trúnni eru skemmtilegar fyrir það að þær varðveitast lengi og reynast

fermingarbarninu góð minning í framtíðinni. Töl og tæki ganga úr sér, fót slitna og peningum er eytt. En Biblíu, Passiusálmanna eða veggkross getur barnið átt alltaf til minningar um daginn sem það staðfesti skírminna og jafnvel getur barnið seinna meir látið gjöfina ganga til sinna barna.



Táknmál trúarinnar. Verð krónur 2.530.



Passiusálmarnir. Verð krónur 1.778.



Fallegur og litríkur kross. Verð krónur 2.790.




Biblían. Verð krónur 5.980.

Engill úr leir. Verð krónur 3.200



Sálmabók. Til í svörtu og hvítu. Verð krónur 1.850.



EIGHT BELOW	KL. 5:45-8																																																																													
V FOR VENDETTA	KL. 10:15	B.I. 16																																																																												
LASSIE	KL. 6																																																																													
BASIC INSTINCT 2	KL. 3-5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																												
EIGHT BELOW	KL. 3-5:30-8-10:30																																																																													
V FOR VENDETTA	KL. 3-5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																												
BASIC INSTINCT 2	KL. 5:40-8-10:20	B.I. 16																																																																												
V FOR VENDETTA	KL. 5:20-8-10:45	B.I. 16																																																																												
THE MATADOR	KL. 8-10	B.I. 16																																																																												
THE NEW WORLD	KL. 5:20	B.I. 12																																																																												
THE WORLD'S FASTEST INDIAN	KL. 5:30																																																																													
SYRIANA	KL. 8-10:30	B.I. 16																																																																												

Verður Nína Björk útvarpsstjarna?

Keppnin um Útvarpsstjörnu Íslands stendur sem hæst þessa dagana en keppnin fer fram á útvarpsstöðinni Kiss Fm. Upphaflega voru um 80 manns í keppninni en aðeins nfu einstaklingar eru eftir. Ein af þeim sem tekur þátt í keppninni um Útvarpsstjörnu Íslands er ljósmyndarinn Nína Björk Gunnarsdóttir. Nína starfaði sem fyrirsæta á sínum yngri árum en síðan lá leið hennar til Kaupmannahafnar þar sem hún lærði ljósmyndun. Í vetur hefur hún verið með innskot í sjónvarpsþættinum Veggfóðri þar sem hún hefur gert tískunni góð skil. Spurð hvers vegna hún taki þátt í keppninni segist Nína Björk hafa mikinn áhuga á fjölmiðlum.

an útvarpsþátt þar sem ég fæ fólk í viðtöl á milli þess sem ég spila skemmtilega tónlist," segir hún. Innt eftir því hvað hún muni hyggist fyrir vinni hún keppnina segist hún munu verða ákaflega hamingjusöm.



NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR Tekur þátt í keppninni um Útvarpsstjörnu Íslands.

„Mig dreymir um að vera með mannlegan og svoltið persónuleg-

Vilt þú endurnýja húsbílinn?

Gerir þú miklar kröfur?

Útvegum fyrsta flokks húsbíla og hjólhýsi af öllum stærðum og árgerðum beint frá Þýskalandi. Allt eftir þínum óskum.



Gott verð - pottþétt þjónusta

Tom Tychsen | Sími 517 9350 | Gsm 821 9350
Skútahraun 2 | Fax 517 9351
220 Hafnarfirði | tom@husbilagalleri.is



www.husbilagalleri.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Í BÍÓ

WALT DISNEY PICTURES PRESENTS

PAUL WALKER

ÓTRÚLEGASTA SAGA ÞRAUTSEIGJU, VINÁTTU OG ÆVINTÝRA SEM SÖGD HEFUR VERID.

BYGGT Á SANNRI SÖGU.

EIGHT BELOW

BYLGJAN

REYKJAVÍK

KOMIN Í BÍÓ!



Stefán til Keflavíkur

Stefán Örn Arnarsson hefur skipt yfir í Keflavík úr Víkingi Reykjavíkur. Stefán er 24 ára gamall sóknarmaður og var í láni hjá Keflvíkum síðasta sumar en hann býr og vinnur í Reykjanesbæ. Hann skoraði fjögur mörk í tólf leikjum síðasta sumar og er góður styrkur fyrir Keflavíkurliðið.

sport
sport@frettabladid.is

HANNES SIGURÐSSON: SKORAÐI SITT FYRSTA OG VÆNTANLEGA SÍÐASTA MARK Í VETUR

Var alveg búinn eftir fagnaðarlætin

Íslenski landsliðsframherjinn Hannes Þorsteinn Sigurðsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir Stoke City á miðvikudagskvöldið. Markið kom ellefu mínútum fyrir leikslok og reyndist vera sigurmark Stoke gegn QPR. Það var þungu fargi létt af Hannesi enda búinn að spila marga leiki fyrir Stoke án þess að skora. „Ég var alveg búinn eftir fagnaðarlætin og varð að kasta mæðinni. Það er svo langt síðan ég skoraði að ég var nánast búinn að gleyma hvernig ætti að fagna,“ sagði Hannes léttur við Fréttablaðið í gær. „Þetta var kannski ekki fallegasta mark í heimi en það telur jafn mikið og öll hin. Þetta var pot af stuttu færi. Það var líka gaman að fá að spila í fremstu víglínu en ég hef mikið verið að leika á köntunum með Stoke í vetur.“

Þetta verður hugsanlega síðasta mark Hannesar fyrir Stoke í vetur því hann er á leið í aðgerð vegna kvíðslits í næstu viku og tímabilinu verður þar með formlega lokið. „Þetta hefur verið að plaga mig síðan í landsleiknum gegn Trínídad en er eitthvað furðulegt þar sem ég hef lítið fundið fyrir þessu síðustu tvær vikurnar. Þetta er samt eitthvað sem verður að laga og ástæðan fyrir því að mér er skellt í aðgerð núna er að ég verði klár þegar undirbúningsstímabilið byrjar svo að ég lenti ekki á eftir hinum leikmönnum. Tímabilið er líka svo gott sem búið hjá okkur þar sem við eigum ekki lengur möguleika



á sæti í umspili um sæti í efstu deild og getum heldur ekki fallið. Þetta er góður tími til að leggjast undir hnífinn og best að ljúka þessu af,“ sagði Hannes og bætti við að leikmenn félagsins hefðu ekki farið varhluta af deilum þjálfarateymisins en þrátt fyrir allan hasarinn sagði Hannes ekki útilokað að Johan Boskamp haldi áfram með liðið. Verði hann áfram þá má samt búast við því að hann muni skipta út þjálfarateyminu út eins og það leggur sig enda tvisvar þurft að setja aðstoðarmenn sína í frí vegna ósættis.

> Í bann fyrir skjalafals

Drago Pavlov, nýráðinn þjálfari kvennaliðs FH, hefur verið dæmdur í tveggja mánaða langt bann af hliðarlínunni vegna skjalafals. Hann varð uppvís af því í leik FH og Stjórnunnar í deildabikarnum þann 4. mars þegar hann skróaði Elísabetu Pétursdóttir á leikskýrsluna en hið rétt er að hún var ekki með. Í stað þess spilaði Mist Elíasdóttir leikinn en á þeim tíma var hún leikmaður KR og því með öllu ólögleg í leiknum. Pétur Svavarsson í kvennaráði FH hefur verið bannað að sinna stjórnunarstörfum í tvo mánuði auk þess sem FH var sektað um 30 þúsund krónur.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

28 29 30 31 1 2 3

Föstudagur

LEIKIR

- 19.00 Þór og Fram mætast í DHL deild karla í handbolta í Höllinni á Akureyri.
- 19.15 Njarðvík og KR mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Njarðvík.
- 20.00 Selfoss og Fylkir mætast í DHL deild karla í handbolta á Selfossi.

SJÓNVARP

- 19.00 Gillette sportpakinn á Sýn.
- 19.30 Meistaradeildin á Sýn.
- 20.00 Motorworld á Sýn.
- 20.30 Súperkross á Sýn.
- 21.00 HM í póker á Sýn.
- 02.50 Formúla-1 á Rúv. Bein útsending frá tímatöku í Ástralíu. Endursýnt klukkan 11.30 á laugardaginn.

Íslandsmeistarabragur á Keflavík

Keflvíkingar settu upp sannkallaða sýningu á heimavelli sínum í Sláturhúsinu í gær þegar Skallagrímur var í heimsókn. Heimamenn fóru á kostum og unnu mjög sannfærandi 129-79 sigur og leiða einvígið 2-1.

KÖRFUBOLTI Fyrsti leikhlti gaf frábær fyrirheit fyrir leikinn sem var jafn og spennandi framan af. Bæði lið sýndu frábæra vörn í byrjun áður en sóknarloturnar tóku við þar sem þriggja stiga hittni liðanna var til fyrirmyndar. Mjótt var á mununum og staðan var 30-26 fyrir Keflavík í upphafi annars leikhltu.

Þá umbreyttist leikur Keflvíkinga með A. J. Moye fremsta í flokki og þeir völtuðu yfir gestina sem áttu engin svör við stórleik heimamanna sem röðuðu niður körfunum. Keflvíkingar spiluðu frábæra vörn og í bland við kæruleysi Skallagrímsmanna náðu heimamenn upp 63-43 forystu í hálfleik og heillum horfnir Borgnesingar vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

Yfirburðir Keflvíkinga héldu áfram í þriðja leikhltu og Borg-



AJ MOEY Átti hreint út sagt frábæran leik fyrir Keflavík í kvöld og skoraði alls 37 stig og var með öllu óvirdaðanlegur.

nesingar áttu engin svör. Það bætti gráu ofan á svart hjá gestunum að Jovan Zdravevski var útilokaður frá leiknum með sína fimmtu villu

um miðbik þriðja leikhltu en þá var hann stigahæstur Skallagrímsmanna með 19 stig. Heimamenn kláruðu leikinn án

þess að gestirnir væru nálægt því að gera atlgöu að sigrinum. Keflvíkingar gátu meira að segja leyft sér að hvíla lykilmenn fyrir næstu rimmu liðanna sem verður í Borgarnesi á mánudaginn. Íslandsmeistararnir sýndu og sönnuðu af hverju þeir eru handhafar titilsins og hreinlega slátruðu Borgnesingum og unnu að lokum 129-79.

A. J. Moey fór á kostum í kvöld og sýndi allar sínar bestu hliðar. Hann lék sér að gestunum og skoraði alls 37 stig en fjórir menn skoruðu 14 stig. Guðjón Skúlason, Vlad Boer, Mgnús Gunnarsson og Gunnar Einarsson.

Hinn feykisterki George Byrd fann sig ekki í leiknum og ef Skallagrímsmenn ætla sér að komast í úrslitaeinvígið er ljóst að hann þarf að spila mun betur. Hann skoraði 13 stig, Zdravevski 19 og Pétur Sigurðsson 16. -hþ

N Ý R T V Ö F A L D U R S A F N D I S K U R

44 ÍSLENSK ALÞÝÐU DANS- OG DÆGURLÖG



Hér eru samankomin lög af hinum vel þekktu geisladiskum Austfirskir staksteinar, Við tónanna kliš og Austfirskir staksteinar 2 sem allir eru ófáanlegir.

FÆST Í
HLJÓMPLÖTUVERSLUNUM
UM ALLT LAND

Útgefandi og dreifing:

Músik
ehf

Karlalið ÍBV býið að missa einn sinn besta leikmann:

Ian Jeffs seldur til Örebro á 5 milljónir króna

FÓTBOLTI Englendingurinn Ian Jeffs hefur skrifað undir samning við sænska 1. deildarliðið Örebro. Jeffs kom til ÍBV frá Crewe árið 2003 og hefur verið lykilmáður í liði Eyjamanna sem vildu alls ekki missa hann frá sér.

„Þetta er að sjálfsögðu mikið áfall fyrir okkur en þetta sýnir að það er hægt að koma til ÍBV og fara síðan í atvinnumennskuna í stærri löndum,“ sagði Gísli Hjartarson, stjórnarmaður hjá ÍBV, við Fréttablaðið í gær en hann er staddur á Spáni þar sem liðið er nú í æfingiferð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur kaupverðið á Jeffs um fimm milljónir króna sem er mun hærra en Örebro bauð fyrst. „Við höfnum nokkrum tilboðum frá Örebro áður en við komumst að samkomulagi um þetta. Hann vildi prófa eitthvað nýtt og við gátum ekki staðið í vegi fyrir honum,“ sagði Gísli.

Á heimasíðu Örebro kemur fram að kaupverðið sé mun hærra en félagið hafði ætlað sér fyrst um sinn en það sé ánæggt með að tryggja sér Jeffs. Skarð Jeffs hjá ÍBV verður hins vegar vandfyllt. - hph



GUÐJÓN BALDVINSSON Fagnar hér marki sínu gegn Leikni síðasta sumar en bæði lið fóru upp úr 2. deildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHÍAS ÆGISSON

Guðjón Baldvinsson:

Á leiðinni til Bodö/Glimt

FÓTBOLTI Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, mun að öllum líkindum ganga til liðs við norska félagið Bodö/Glimt áður en félagaskiptagugginn rennur út á morgun á Norðurlöndunum. Guðjón var markahæsti leikmaður 2. deildarinnar á síðasta tímabili og var valinn besti sem og efnilegasti leikmaður deildarinnar en hann er tvítugur að aldri og er kominn í U21 árs landslið Íslands.

„Aðstæðurnar hérna eru eins og best verður á kosið. Hér er allt til fyrirmyndar og mér hefur gengið mjög vel á æfingunum hérna. Ég vonast til að ná að semja við liðið og vonandi ganga samningaviðræðurnar við Stjörnuna vel,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær.

„Umhverfið hérna er svipað og á Íslandi svo þetta er engin gífurleg breyting, fyrir utan aðstæðurnar. Hér eru allir jákvæðir og almennilegir, mér hefur verið tekið mjög vel og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að semja við liðið,“ sagði Guðjón. Jafnframt sagði Kent Bergsen þjálfari Bodö/Glimt sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði hrifist mjög af Guðjóni á æfingum undanfarið. - hph



Í **BARÁTTUNNI** Ian Jeffs er hér í skallaevígi við Grindvíkinginn Sinisa Kekić á síðustu leiktíð. Jeffs hefur leikið sinn síðasta leik fyrir ÍBV.

KA missir fyrirliðann sinn í handboltanum:

Jónatan til Frakklands

HANDBOLTI Jónatan Magnússon, leikstjórnandi og fyrirliði KA-liðsins til margra ára, er á förum frá félaginu en hann hefur samið við franska félagið St. Raphael.

Liðið féll úr úrvalsdeild á síðustu leiktíð en er í harðri baráttu um að komast aftur í deild þeirra

bestu í Frakklandi. Jónatan hefur lengi stefnt að því að komast í atvinnumennsku. Oft mátti litlu muna að hann færi en nú er dæmið loksins búið að ganga upp hjá miðjumanninum baráttuglaða og káta.

- hbg



Góð leið til árangurs



**FITUBRENNSLA
VÖÐVAUPPBYGGING
AUKIN ORKA**

6 daga gestakort í Hreyfingu fylgir öllum pökkum!

S3 SPORTPRENTA™ er góð leið fyrir þá sem vilja styrkja sig til árangurs og auka getu í þróttum og líkamsrækt. Jafnframt fyrir þá sem vilja auka fitubrennslueiginleika líkamans. Hver dagskammtur af S3 Sportprentu inniheldur 1 fjölvítamíntöflu, 2 L-Karnítíntöflur og eitt hylki af omega-3 fitusýrum.

Fjölvítamíntaflan inniheldur ríflega skammta af vítamínum og steinefnum auk króms pikólínats og græns tes sem m.a. hafa hlutverki að gegna í orkuframleiðslu og brunagetu líkamans.

L-Karnítín er talið hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu vöðva sem og sérstaka eiginleika til fitubrennslu.

Króm er talið geta dregið úr sætindalöngun og viðhaldið jafnvægi blóðsykurs í líkamanum. Það hefur einnig hlutverki að gegna við uppbyggingu vöðva og getur dregið úr fitusöfnun.

Við líkamsæfingar og fitubrennslu geta losnað út í líkamann úrgangsefni sem setið hafa í fituvef. Grænt te hefur sterka andoxunareiginleika og er því mikilvægt til að vernda líkamann gegn neikvæðum áhrifum við losun þessara efna og öðrum óæskilegum áhrifum frá umhverfi okkar, s.s. mengun.

Omega-3 fitusýrur eru í flokki svokallaðra lífsnauðsynlegra fitusýra þar sem líkaminn framleiðir þær ekki sjálfur. Þær eru sérstaklega mikilvægar fyrir þá sem skera niður við sig í fituneyslu og neyta ekki nægilegs magns af feittum fiski.

ENNEEM / SIA / INE20415

LAGERSALA



Verðdæmi

takkaskór frá 1.000
stuttbuxur frá 500
barnaskór frá 2000
eróbikföt frá 1.000
síðbuxur frá 500
gallar frá 1.000
úlpur og jakkar frá 2.000

20% afsláttur af öðrum vörum.

GÆÐAVÖRUR Á ÓTRÚLEGUM VERÐUM



ÁRMÚLI 17 • sími 581 1212

Opíð virka daga 10-18, laugardaga 11-16 og
sunnudaginn 2. apríl 13-16 Póstkröfupjónusta.



www.lysi.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„It's pretty much my favorite animal. It's like a lion and a tiger mixed... bred for its skills in magic.“

Svar: Napoleon úr Napoleon Dynamite frá 2004.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON VAR HRIFINN AF ÍSLENSKRI DAGSKRÁRGERÐ Á FLÓRÍDA

Hrafninn, spyrillinn og myndlykillinn

Ingi Hrafn Jónsson er besti sjónvarpsmaður landsins. Hver annar gæti borið uppi klukkustundarlangan þátt í gegnum netmyndavél frá Flórída?

Sigmar Guðmundsson, spyrill í Gettu betur, gæti lært margt af Ingva, því þegar verst lætur fer hann langleiðina með að gera Vini Zions á Omega að raunhæfum valkosti til að horfa á. Fyrir það fyrsta skortir Sigmar alla gleði og er hálf vélrænn í fasi. Þetta sleppur kannski í Kastljósi en ekki Gettu betur. Engu er líkara er það sé honum mikil kvöð að stjórna þættinum. Í ljósi þess að fyrir áratug vann Sigmar á útvarpsstöðinni X-inu við það að hafa ofan af fyrir krökkum á framhaldsskólaaldri, er þetta dálítið skrytið.

Allt um það. Mikill var fögnuður minn þegar ég vakti myndlykillinn minn frá dauðum í fyrra-




kvöld. Nágrönnum var boðið í heimsókn og skálað í kampa-víni. Eftir að hafa skimað í gegnum óteljandi sjónvarpsstöðvarnarskipti ég hins vegar strax aftur á RÚV og horfði á finan þýskan þátt um normir og galdrafár á nýöld. Fengi ég ráðið myndi Hallmar Sigurðsson taltsetja allar heimildarmyndir, því á rödd hans er unun að hlýða. Að þættinum loknum slókti ég aftur á sjónvarpinu og fór að þrífa. Sú tilhugsun að ég geti alltaf sest niður og horft á óteljandi sjónvarpsstöðvar færir mér eiginlega meiri fró en áhorfið sjálft. Hins vegar dreymdi mig um nóttina að ég væri að horfa á sjónvarpið, þó ég muni ekki á hvað var á dagskrá. Hvað skyldi það þýða?

Mínar bestu kveðjur fær Sigurros Baldvinsdóttir, sjónvarpsáhorfandi sem lætur ekki aðra segja sér hvað henni á að þykja gott sjónvarpsefni og hvað ekki.

SIGMAR GUÐMUNDSSON

Það er eins og honum leiðist að vera spyrill.

FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA



23.40

Gamanmynd

THE REPLACEMENTS



20.30

Keppni


IDOL-STJÖRNULEIT



20.30

Heimildapættir


FABULOUS LIFE OF



20.50

Spenna

STARGATE SG-1



20.30

Vélahjól

WORLD SUPERCROSS

SJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SÝN
besta sætið

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Ævintýri H.C Andersen (5:26) 18.25 Dala-bræður (10:12)

formi 13.05 Home Improvement 13.30 The Comeback 13.55 Joey 14.20 Ef ég væri ríkur 15.10 Night Court 15.35 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Sigtíð (e)

14.50 Ripley's Believe it or not! (e) 15.35 Game tívi (e) 16.05 Dr. 90210 (e) 16.35 Upphitun 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

16.35 Iceland Expressdeildin 18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.10 Latibær Textað á síðu 888 í Textavarp. 20.40 Disneymyndin – Svadilföör (Tiger Cruise) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2004. Eftir árásmar á háhylinn í New York er skipstjóri á herskipi með óbreytta borgara innanborðs skipað að gera það klárt í bardaga.

22.10 Óvinir hlátursins (Enemies of Laughter) Bandarísk gamanmynd frá 2000. Leikstjóri er Joey Travolta og meðal leikendna eru David Paymer, Judge Reinhold, Peter Falk, Vanessa Angel og Rosalind Chao.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag

20.00 Simpsons (12:21) Sextánda þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpsögu.

20.30 Idol – Stjörnuleit (Smáralind 10)

22.00 Two and a Half Men (1:24)

22.25 Idol – Stjörnuleit (Smáralind 10 – atkvæðagreiðsla) Niðurstöður úr síma-kosningunni kunngjörðar. 2005.

22.50 The Fan (Aðdáandinn) Gil Renard lifir fyrir upphaldsliðið sitt í hafnarboltanum. Str. b. börnum.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag

20.00 Sirkus RVK (e) Sirkus Rvk er í umsjá Asgeirs Kolbeinssonar.

20.30 Fabulous Life of (18:20) (Fabulous Life of: Hugh Hefner) Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með þotulíðinu í Hollywood.

21.00 Splash TV 2006 (e)

21.30 Idol extra 2005/2006 (e) Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.

22.00 Idol extra Live Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bak við tjöldin á meðan þjóðin kys sitt upphald.

22.30 Supernatural (7:22) (e) (Hook Man) Sam og Dean reyna að hjálpa stúlku sem er í vanda stöð. Bönnuð börnum.

19.00 Cheers 19.25 Fasteignasjónvarpið

19.35 Everybody loves Raymond (e) Margverðlaunuð gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttastílahöfund Ray Romano.

20.00 One Tree Hill Ungstirnir Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku ungianga- og fjölskylduþáttum.

20.50 Stargate SG-1 Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndri kvikmynd frá 1994.

21.40 Ripley's Believe it or not!

22.30 Celebrities Uncensored í Celebrities Uncensored er hægt að fylgjast með upphalds stjórnum sínum eins og maður hefur aldrei séð þær áður.

18.30 US PGA í nærmýnd (Inside the PGA)

19.00 Gillette World Sport 2006 Íþróttir í lofti, láði og legi.

19.30 Meistaradeild Evrópu fréttapáttur

20.00 Motorworld Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþróttar.

20.25 Súpersport 2006 Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jadaarsport og háska frá öðrum sjónarhornum en vant er.

20.30 World Supercross GP 2005-06

21.30 World Poker (Heimsbikarinn í póker) Slungustu fjárhættuspilarar valdar mæta til leiks á HM í póker.

23.40 Staðgenglarinn 1.35 Taggart – Þak-hýsi og gangstétt 2.50 Formúla 1

0.45 Hidalgo (Bönnuð börnum) 2.55 Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum) 4.40 Two and a Half Men (1:24) 5.05 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.15 Bikinimódel Íslands 2006 23.45 X-Files (e) 00.30 Laguna Beach (15:17) (e)

23.15 Sigtíð (e) 23.45 Strange (e) 0.45 Law & Order: Trial by Jury (e) 1.30 The Bachelor VI (e) 2.15 Sex Inspectors (e) 3.00 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.30 Östöðvandi tónlist

23.00 NBA

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Barber of Siberia 8.55 2001: A Space Travesty 10.30 Valerie Flake 12.00 About Schmidt 14.05 The Barber of Siberia 17.00 2001: A Space Travesty 18.35 Valerie Flake 20.05 About Schmidt Úrvalsmynd sem var tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna. 22.10 The Last Samurai Dramatísk hasarstríðsmynd sem var tilnefnd til femra Óskarsverðlauna. 0.40 State Property (Stranglega bönnuð börnum) 2.05 Sniper 2 (Str. b. börnum) 4.00 The Last Samurai (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Gastineau Girls 13.00 101 Craziest TV Moments 14.00 101 Craziest TV Moments 15.00 101 Craziest TV Moments 16.00 101 Craziest TV Moments 17.00 Gastineau Girls 17.30 Gastineau Girls 18.00 E! News 18.30 Celebrity Soup 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Craziest TV Moments 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Celebrity Soup 22.30 Wild On Tara 23.00 Style Star 23.30 Celebrity Soup 0.00 E! News 0.30 Girls of the Playboy Mansion 1.00 The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Stuðningsmannapátturinn Liðið mitt (e) 8.00 Að leikslokum (e) 14.00 Chelsea – Man. City frá 25.03 16.00 Portsmouth – Arsenal frá 25.03 18.00 Liverpool – Everton frá 25.03

20.00 Upphitun

20.30 Stuðningsmannapátturinn Liðið mitt (e)

21.30 Tottenham – WBA frá 27.03

23.30 Upphitun (e) 0.00 Man. Utd. – West Ham 2.00 Dagskrárlök

PARKETDAGAR




Egill Arnason hf

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Idol-stjörnuleit

Stöð 2 kl.20.30

Topplög ársins 2005 sungin

Einungis þrjú keppendur eru eftir í Idolinu og í kvöld ræðst hvaða tveir munu ná alla leið í sjálf úrslitin og keppa um hver verður valinn næsta íslenska Idol-stjarnan. Að þessu sinni fengu keppendur að velja sér eitthvert af vinsælustu lögum ársins 2005. Óhætt er að segja að fjölbreytnin verði í fyrirrúmi en sungin verða allt frá hugljúfustu popplögum á borð við „You Raise Me Up“ sem postulínsbarkinn Josh Groban gerði fyrstur vinsælt, og „You're Beautiful“, með hermanninum tilfinninganæma James Blunt, til rokkballöðunnar „Wake Me Up When September Ends“ með pönkrísanum Green Day, hins eldhressa „Since You've Been Gone“ með Idol-stjörnunni Kelly Clarkson og indí-smellsins „Speed of Sound“ með Íslandsvinumum í Coldplay.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		1	9	2				
	3			5			8	7
6							1	
	5			3				
4			5		8			6
				2			4	
	1							9
9	6			1			2	
			2	9	4			

Lausn á gátu gærdagsins

7	6	1	9	2	5	8	4	3
5	4	3	8	7	6	9	1	2
2	8	9	3	1	4	7	5	6
9	2	5	4	6	8	3	7	1
1	7	8	5	3	2	4	6	9
6	3	4	7	9	1	2	8	5
4	1	7	2	5	9	6	3	8
8	5	2	6	4	3	1	9	7
3	9	6	1	8	7	5	2	4



21.10
Fréttaskýringar

48 HOURS



7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnáping/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir

20.00 Fréttir
20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarabáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í þættinum í kvöld verða þrjú mál tekin fyrir: Offittuvandamál, ólöglegar dreifingar á kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og síðan verður Steingrímur J. Sigfússon heimsóttur í endurhæfingu.
21.00 Fréttir
21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarabáttur.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Hrafnáping/Miklabraut Hrafnáping er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnáping/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútlarp
12.20 Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregni **13.00** Vitt og breitt **14.03** Útlarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn
19.00 Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn: Ég fann lyktina af kaffinu **22.15** Lestur Passíu-sálma **22.22** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir
0.10 Útlarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar **2 9.05** Brot úr degi
12.03 Hádegisútlarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland
16.00 Fréttir **16.10** Síðdegisútlarp **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson
12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTLARP SAGA
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

SÖLUSÝNING UM HELGINA



Vinsælastur í dag!



Hobby

Mest seldu hjólhýsi í heimi

Gæði - þjónusta



Gullna stýrið 2005

OPNUNARTÍMI
laugardag kl. 13-17
sunnudag kl. 13-17
Virka daga kl. 10-18

Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is

NETSALAN EHF.



HRÓSIÐ

...fær Félag íslenskra bókaútgefanda og íslenskir bóksalar sem hyggjast gefa hverju heimili í landinu ávísun upp á þúsund krónur í tilefni af viku bókarinnar. Ávísunin mun gilda fyrir hvaða íslenska bók sem er til þriðja máí.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 dægurs 6 í röð 8 mál 9 stansa 11 leita að 12 röndin 14 þrá 16 ógrynni 17 veiðarfæri 18 frjó 20 holskrúfa 21 kropp.

LÖÐRÉTT

1 ómögulegur 3 bardagi 4 alger 5 rá 7 gutla 10 keyra 13 utan 15 frumeind 16 ónn 19 kind.

LAUSN

LÖBÉTT: 1 ófær, 3 at, 4 gænger, 5 slá, 7 ró, 21 nart.
LÁRÉTT: 2 dags, 6 fg, 8 tal, 9 sja, 11 gá, 12 rákin, 14 langa, 16 of, 17 net, 18 fræ, 20

SVÖR VIÐ VEISTU SVARID

- 1 Ismail Haniyeh
- 2 Haukar og Keflavík
- 3 Carol von Voorst

allt
bílar
Alla laugardaga

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR KÍKIR Í POKAHORNIN

Úps, ég er ekki hérna!

Fyrir ekki margt löngu sat ég inni á bókasafni niðri í skóla með vinkonu minni. Allt í einu sé ég hvernig hún lamast í andlittinu, breytist í kleinu og steypir sér ofan í bókinu sem hún hafði fyrir framan sig. Mér þótti þetta undarlegt þar sem við vorum meira að spjalla en lesa. Þegar ég spurði hana hvað gengi eiginlega á, þóttist hún ekki heyrja í mér og hélt áfram að lesa. Eftir stutta stund kom hún aftur upp á yfirborðið og tók upp eðlilega hegðun á ný. Þá sagði hún mér að þarna væri maður sem hún hafi óvart verið með einu sinni. Já, hún sagði óvart og var greinilega miður sín yfir þessu öllu saman. Við frekari umræður kom í ljós að hún var ekki sú eina sem átti sér svona „úps“ gæja. Það er erfitt að segja til um hvað veldur, en það er nokkuð ljóst að flestallir,

ef ekki allir, hafa sinn djöful að draga ef svo má að orði komast. Og í hvert sinn sem maður hittir þennan „djöful“ vill svo óheppilega til að einhver er með manni sem vill fá skýringar á undarlegheitunum. Hvers vegna maður hafi heilsað svona kjánalega, hvaðan svitaperlurnar hafi komið sem spruttu fram á ennið á örskotstundu eða hvers vegna maður þóttist allt í einu vera upptekinn í símanum. Ef maður getur ómögulega talað í hringi og ruglað viðkomandi í ríminu þangað til spurningin gleymist, þá er best að útskýra og vona svo að sá hinn sami hafi náð skilaboðunum: Ekki segja neinum!

Einhverra hluta vegna vill stundum svo til að þegar áfengi er haft um hönd virðist sem sjónin versni lítið eitt. Þá finnst

manni allt í einu menn vera meira spennandi og jafnvel öllu myndarlegri en þeir eiga að sér að vera. Þá virðast ótrúlegustu deithugmyndir ekki svo slæmar og maður veltir því fyrir sér hvers vegna manni hafi ekki dottið þetta í hug fyrir. Þessu er örugglega svipað farið frá sjónarhorni karlmanna. Þetta köllum við að hafa uppi fyllerísgraugun. Þessi gleraugnabúður leiðir oftan ekki til þess að þegar maður vaknar morguninn eftir og opnar augun í rólegheitunum, liggur sönnunargagnid beint fyrir framan mann þessu til



staðfestingar. Í kjölfarið fær maður iðulega bjánahlaupabóluna og þarf á alvarlegri meðferð að halda. Sú meðferð felst í neyðarfundi á heimilinu þar sem vinkonur koma og gera grín að manni. Eftir nokkurra klukkustunda sjökkmeðferð hjá vinkonunum er auðveldara að sjá grínið og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Það er nokkuð ljóst að svona atvik, sem flestir eiga í poka-horninu, eru nokkuð myndin. Við verðum þó að líta svo á að þau séu til þess gerð að vikka hjá okkur sjóndeildarhringinn og fá okkur til að hlæja. Svo er stóra spurningin: Hver ætli hafi hlegið svona að okkur?

VALGEIR GUÐJÓNSSON: SEMUR KÁNTRÍLAG MEÐ BAGGALÚTI

Nútíma drykkjuvísá

Stuðmaðurinn Valgeir Guðjónsson og fjörfuglarnir í Baggalúti hafa tekið höndum saman. Hópurinn hélt nýverið í hljóðver til að taka upp lag og samkvæmt yfirlýsingu frá útgáfufyrirtæki Baggalúts er þetta „graðhestaköntrípolkaslagari“ sem nefndur er í höfuðið á vísítegundinni Ballantines.

Valgeir Guðjónsson var nokkuð brattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í blíðunni sem lék við höfuðborgarbúa. „Hef það bara sémilegt,“ segir Valgeir en hann treður upp með kóntrísvetit Baggalúts á „miðnæturkóntrí-sveitarhóðáni“ sem haldið verður á Nasa í kvöld en þar verða enn fremur nokkur lög Valgeirs flutt í kántríútgáfum. „Þeir höfðu samband við mig og báðu mig að troða upp sem leynigestur,“ svarar Valgeir þegar hann er inntur eftir þessu samstarfi. „Ég er mikill aðdáandi Baggalúts enda alltaf verið hrifinn af samböndu tónlistar og húmors,“ bætir hann við en Stuðmenn voru landskunnir fyrir þessa blöndu. „Ég átti lag á lager og spurði í hálfkæringi hvort við ættum ekki bara að drífa það í upptökur,“ heldur hann áfram og komst ansi fljótt að því að Baggalútsmenn sitja yfirleitt ekki með hendur í skauti. „Þetta eru miklir framkvæmdamenn og við létum þetta verða að veruleika,“ segir hann og kveðst glaður yfir að hafa loksins komið þessari hugmynd frá sér. „Við lögðum Stúdíó Geimstein í Reykjanesbæ undir okkur og það var einvalið sem stóð að



VALGEIR GUÐJÓNSSON Heldur vart vatni yfir samstarfinu við Baggalúti.



BAGGALÚTUR Hljómsveitin hefur fengið til liðs við sig Valgeir Guðjónsson og spilar nokkur af hans þekktustu lögum á kántríkvöldi í kvöld á Nasa.

augljóslega mikið til þeirra koma. „Heimasíðan þeirra ætti að vera skyldulesning á hverju íslensku alþýðheimili,“ segir hann.

Lagið er að sögn Valgeirs nútímadrykkjuvísá fyrir karlmenn sem konur geta sungið með. Hann telur að þessum tegundum laga hafi fækkað töluvert í seinni tíð en hér áður fyrr gátu menn varla komið saman án þess að

kyrja um áfengi og konur. „Þetta er hálf kauðskt yrkisefni og kveikjan að því var lag Papa um ákveðna vísítegund,“ bætir Valgeir við og hefur litlar skýringar á því af hverju Íslendingar eru hættir að syngja um Bakkus. „Ætli menn séu ekki bara farnir að einbeita sér meira að drykkjunni,“ segir hann og hlær.

freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spurningakeppni fjölmiðlanna er fastur liður í páskadagskrá Rásar 2 og það er því farið að stytast í að helstu fjölmiðlar landsins smali saman í tveggja manna lið sínu getspakasta fólki. Rithöfundurinn og útvarpsmaðurinn vaski **Ævar Örn Jósefsson** hefur, eins og á síðustu árum, umsjón með keppninni en hann segir að „andlegt atgervi, heilindi og hugsanlega skófatnaður“ muni geta skipt sköpum þegar á hólminn er komið. Það hefur jafnan þótt veglegt til vinnings að tefla fram gömlum Gettu betur keppendum í keppni þessari þó að slíkir kónar komist síður en svo alltaf alla leið. Fréttablaðið tapaði naumlega fyrir Bæjarins besta á Ísafirði í fyrra þó að **Sveinn Guðmarsson**, reyndur Gettu betur keppandi og síðar dómari, hafi keppt fyrir hönd blaðsins. Þá komust **Oddur Ástrásson**, tvöfaldur Gettu betur sigurvegari með MR og sjálfur Illugi Jökulsson, fyrrum Gettu betur dómari, ekki langt í fyrra þegar þeir kepptu fyrir Talstöðina. Sveinn er nú kominn yfir til sjónvarpsstöðvarinnar NFS ásamt Oddi þannig að það er enginn skortur á Gettu betur mönnum á þeim bænum en stöðin tekur nú þátt í keppninni í fyrsta skipti.



Leikstjórinn **Clint Eastwood** frumsýnir síðar á árinu stríðsmynd sína Flags of our Fathers sem hann tók að hluta til upp á Íslandi í fyrra. Það fór sjálfsgætt ekki fram hjá neinum að Íslendingum var smalað saman í auka-hlutverk og þó nokkrir munu fá að njóta sín sem slíkir. Tæmandi hlutverkaskrá myndarinnar er birt á upplýsingavefnum Internet Movie Database (imdb.com) og þar kennir ýmissa grasa. **Markús Benediktsson** leikur samkvæmt þessu „daudan hermanna í trukk“, en leikarinn **Björgvin Franz Gíslason** er væntanlega með ögn bitastæðara hlutverk en hann er sagður leika landgönguliða sem er rekinn í gegn. Þá verður **Darri Ingólfsson** þess heiðurs aðnjótandi að leika „deyjandi hermanna“ en **Sigurður Hilmar Guðjónsson** og **Stefán Harðarson** leika einfaldlega „hermann á strönd“. Þá er þess getið á imdb.com að **Jóhann G. Jóhannsson** leiki „liðþjálf á strönd“ en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst voru atriði með honum klippt úr myndinni. **þþ**



Heilluð af sögunni

Bandaríska óskarsverðlaunaleiknon Jennifer Connelly leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Slóð fiðrildanna sem verður að stærstum hluta tekin upp hér á landi í haust en hún er byggð á skáldsögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Sænska leikkonan Liv Ullman leikstýrir myndinni en það er Saga-Film sem framleiðir með Steve Hart og bresku fyrirtæki. Connelly var valin af því að hún þótti henta í þetta. Hún getur verið bæði ungleg og litið út fyrir að vera mun eldri. „Connelly er fantaleikkona og ég tel hana vera eina af átta bestu leikkonum heims,“ segir Jón Þór Hannesson hjá Saga Film. „Hún sýndi þessu

áhuga af því þetta er sterkt kvenhlutverk auk þess sem Liv Ullman var mjög hrifin af henni.“

Connelly er um þessar mundir stödd við tölur á kvikmyndinni The Blood Diamond þar sem hún leikur á móti hjartaknúðarmanum Leonardo DiCaprio. Hún er um þessar mundir með breska leikaranum Paul Bettany sem vafalítið á eftir að vera áberandi á þessu ári en hann leikur albínóann Silas í The Da Vinci Code. Verið er að leita að erlendum stórleikurum sem eiga að skipa þrjú stór karlhlutverk og er ekki útilokað að kærasti Connelly taki eitt þeirra að sér.



CONNELLY Connelly ásamt Harrison Ford en leikkonan hlaut óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína í A Beautiful Mind en þar lék hún eiginu stæðfræðingsins Johns Nash. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

TÚNFISKUR SKÖTUSELUR ÞORSKHNAKKAR HÖRPUSKEL



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14

VORÚTSALA

50-80%

AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

bolir
skyrtur
buxur
zip-off buxur
kvartbuxur
vesti
flíspeysur
softshell peysur
hettupeysur
regnjakkar
regnbuxur
isotex jakkar
isotex buxur
bakpokar
legghlífar
gönguskór
svefnpokar
göngustafir
töskur
sandalar
ofl. ofl.

Aðeins í
nokkra daga!

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

Opið
Virka daga 10-18
Laugard. 10-18
Sunnud. 13-17

 **ÚTIVIST & SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322



BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Ímyndarvandi

Nú er það rart. Vísindamenn eru í svo miklum ímyndarvanda að þrír fjórðu hlutar grunn-skólabarna vilja ekki verða vísindamenn. Álíta þá skrytna, útlitslega asnalega, nörda að innréttingu. Trú krakkanna á eigin getu í raungreinum er í þokkalegum mínus. Eðlilega. Það hlýtur að valda andlegri kröm að fá þolanlega einkunn í raungreinum; allt útlit fyrir að menn endi í fámennum sérvitringahópi sem allir hía á þegar þeir verða stórir. Það er að segja, ef einhver tekur eftir þeim yfirhöfuð.

EÐA, hvenær sjást vísindamenn í fjölmiðladálkum um það hver var hvar? Hvenær er ástum þeirra, trúlofunum, barneignum, skilnuðum, húsakaupum, bílakaupum, ferðalögum stillt upp á forsíðum tímarita í æsifrétastíl? Hvenær lenda þeir á forsíðum tímarita yfirhöfuð? Eða bara inni í þeim? Hver tekur viðtöl við þá? Hver hefur áhuga á skoðunum þeirra og viðbrögðum við heimsfréttum og heimafréttum? Hvenær eru gerðar bíómyndir um vísindamenn? Eða framhaldsþættir í sjónvarpi? Hvernig eiga börnin að vita hvernig vísindamaður lítur út? Eina sýnishornið sem haldið hefur verið á lofti yfirleitt er Einstein.

PEGAR ég var að alast upp var Ísland svo sveitó að maður vissi ekki hvernig nokkur starfsstétt leit út nema helst sjómenn, kennarar og húsmæður. Það voru engin tímarit sem kenndu manni hvað skipti máli í lífinu, ekkert sjónvarp með framhaldsþáttum með skýrri uppstillingu á því hvernig maður ætti að líta út. Það var bara gamla gufan og það var helst í gegnum útvarpsleikritin sem maður fékk einhverja fræðslu um hvað skipti máli – en það var nú bara allt um eitthvert innvortis gildismat. Svo fór maður í skólann þar sem sumir voru góðir í bókstöfum, gátu hangið endalaust yfir góðu ljóði, aðrir í tölustöfum og nutu þess að pæla í flóknum reikningsdæmum á meðan. Svo voru þeir sem voru góðir í öllu.

EN nú er öldin önnur og ekkert lát á upplýsingum um hverjir skipti máli, hvernig eigi að líta út, hverjir séu smart, og þar af leiðandi hvað sé vænlegt að verða. Ekki svo að skilja að starfið sjálft sem stefnt er að skipti máli. Ónei. Þetta er spurning um ímyndina. Skilaboðin ótvíræð: Mesta frægð hljóta leikarar, tónlistarmenn og fjölmiðlafólk, svo koma peningavitringar í jakkafötum með svo mjóar eiginkonur að þær eru aðþrengdar. Líka flott að vera forstjóri eða stjórnarformaður, græða peninga. Allir vilja tala við þessa hópa. Aftur og aftur. Þeir eru til. Ekki hinir.

VAXTAHRUN!

3.19%

LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

Vaxtahrún Bílaþings Heklu Kletthálsi, Laugavegi og hjá umboðsmönnum um land allt.

Léttari greiðslubyrði:

Skoda Octavia 1,6
árg. 04 ek. 39.000 verð 1.450.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.220.000 kr.
afb. í 72 mán. 18.681 kr.

VW Passat Trendline 1,8T
árg. 01 ek. 70.000 verð 1.580.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.390.000 kr.
afb. í 60 mán. 25.159 kr.

VW Golf Highline 4Motion 2,0
árg. 03 ek. 68.000 verð 1.550.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.190.000 kr.
afb. í 60 mán. 25.565 kr.

Skoda Octavia 2,0
árg. 04 ek. 38.000 verð 1.730.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.490.000 kr.
afb. í 72 mán. 22.831 kr.

VW Passat 2,0
árg. 04 ek. 55.000 verð 2.150.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.850.000 kr.
afb. í 72 mán. 28.344 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 109.000 verð 1.170.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 850.000 kr.
afb. í 24 mán. 36.770 kr.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning. Vextir háðir breytingum á Libor.

ÚRVAL BÍLA

ALLT AÐ 100% LANSFJÁRMÖGNUN

TILBOÐ á völdum bílum

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Kletthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is